



MA ritgerð

Félagsfræði

„Lögreglan er sú eina sem skilur lögregluna”

Upplifun íslenskra lögreglumanna á vinnustaðamenningunni

Sigríður Birna Sigvaldadóttir

Leiðbeinandi : Dr. Helgi Gunnlaugsson
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

„Lögreglan er sú eina sem skilur lögregluna”
Upplifun íslenskra lögreglumanna á vinnustaðameningunni

Sigríður Birna Sigvaldadóttir

Lokaverkefni til MA gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Dr. Helgi Gunnlaugsson

60 einingar

Félagsfræði

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní, 2019

„Lögreglan er sú eina sem skilur lögregluna“

Upplifun íslenskra lögreglumanna á vinnustaðamenningunni

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í félagsfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigríður Birna Sigvaldadóttir, 2019

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Hugtakið lögreglumening hefur lítið verið rannsakað og engin ein skilgreining hefur verið sett fram af því. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða lögreglumeninguna á Íslandi og hver viðhorf lögreglumanna eru á henni. Í rannsókninni verður fjallað um þá helstu fræðimenn sem hafa lagt fram skilgreiningu á hugtakinu lögreglumening og kafað verður dýpra í fyrri rannsóknir, bæði íslenskar og erlendar. Áhersla var lögð á að kanna hver einkenni íslenskrar lögreglumeningu er og hvort hún sé frábrugðin erlendum menningum. Við framkvæmd rannsóknar var eigindlegri aðferð beitt þar sem tekin voru hálfstöðluð viðtöl við átta íslenska lögreglumenn. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að viðhorf lögreglumanna til vinnustaðamenningarinnar er mjög jákvæð þar sem góður starfsandi og samvinna virtist einkenna menninguna. Sýndu niðurstöður þó einnig fram á neikvæða birtingarform menningarinnar þrátt fyrir að lögreglumennirnir tengdu þau birtingarform ekki við menninguna sjálfa. Lögreglustéttin virðist vera íhaldssöm og stjórnast enn af karlavelði. Lögreglukonur þurfa að sanna sig meira í starfi en karlar og ekki treyst fyrir öllum hlutverkum starfsins. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að mikið álag er í starfinu en voru viðmælendur bjartsýnir á að komandi kynslóð nýti sér þau sálrænu úrræði sem standa til boða betur en sú gamla. Ljóst var að lögreglan lítur á sig sem eina stóra fjölskyldu og upplifðu nokkrir félagslega einangrun frá samfélaginu. Viðhorf samfélagsins til lögreglunnar var að mati lögreglumannanna mjög jákvætt og upplifa þeir ekki fjandsemi frá almenningi.

Abstract

In recent years the concept of police culture has become more complex and more difficult to define. The aim of this research paper was to look closer into police culture in Iceland. This paper will also dive deeper into previous studies and major scholars where police culture is in focus. Both Icelandic and foreign studies within the concept of police culture will be reviewed. Qualitative research methods were used where semistructured interviews were conducted with 8 Icelandic police officers from the age of 20 – 60 years of both genders. The results of this research revealed that police attitude within workplace culture is positive as good morals and teamwork seemed to characterize the work environment. However the findings also showcased a negative manifestation of culture despite the fact that the police officers themselves did not link it directly to it. According to these findings the police force appears to work within a conservative culture where masculinity is still dominant. Policewomen need to prove themselves more within the police force than men and are not completely trusted by their male counterparts within the confines of the job. The results also revealed that there is considerable pressure within the job, but the interviewees were optimistic that the new generation of police officers will make use of the psychology help available to them better than the old generation. Within the scopes of the research it was clear that the police viewed themselves as one big family and experienced some social isolation from Icelandic community. The attitude of the Icelandic community to the police was, in the opinion of the police officers, very positive and they did not experience hostility from the public.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA- gráðu í félagsfræði og vegur 60 einingar af 120 eininga námi. Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Dr. Helga Gunnlaugssonar. Ég þakka honum fyrir gott samstarf og fyrir góða leiðsögn í alla þessa tíu mánuði. Ég vil þakka fjölskyldu minni, kærasta og vinum fyrir góðan andlegan stuðning á meðan ritgerðarvinnunni stóð. Ég vil einnig þakka Jóhönnu Ósk Valsdóttur fyrir prófarkalestur og Elínu Valsdóttur fyrir yfirllestur ritgerðarinnar á síðustu metrunum. Að lokum vil ég að sjálfsögðu þakka viðmælendum mínum fyrir að koma í viðtal, en án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	8
1.1 Tilgangur og markmið rannsóknar.....	10
1.2 Uppbygging ritgerðar.....	11
2 Fræðileg umfjöllun	12
2.1 Hlutverk lögreglu	12
2.2 Skilgreining lögreglumenningu	13
2.2.1 Skilgreining Skolnick á lögreglumenningu.....	15
2.2.2 Skilgreining Waddington á lögreglumenningu.....	16
2.3 Einkenni lögreglumenningu	17
2.3.1 Karlar og konur í lögreglunni	17
2.3.2 Álag í lögreglunni	24
2.3.3 Þéttur og lokaður hópur.....	29
3 Aðferðakafli	32
3.1 Framkvæmd rannsóknar.....	32
3.2 Rannsóknaraðferð	32
3.3 Þátttakendur.....	33
3.4 Gagnasöfnun og úrvinnsla	35
3.5 Siðferðileg álitamál	35
3.6 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar	36
4 Niðurstöður	37
4.1 Hvati og ánægja í starfi	37
4.2 Viðhorf til lögreglumenningarinnar	39
4.2.1 Lögreglumenningin jákvæð.....	39
4.2.2 Persónueinkenni lögreglumanna	43
4.2.3 Lögreglan sem lífsstíll.....	44
4.2.4 Samantekt um lögreglumenninguna	45

4.3	Álag og öryggi í starfinu	46
4.3.1	Almennt álag í starfinu.....	46
4.3.2	Öryggi.....	49
4.3.3	Úrræði og stuðningur.....	50
4.3.4	Svartur húmor mikilvægur	52
4.3.5	Samantekt um álag og öryggi starfsins	53
4.4	Karlar og konur í lögreglunni	54
4.4.1	Karllægur heimur	54
4.4.2	Hlutverk karla og kvenna	55
4.4.3	Brotthvarf kvenna	57
4.4.4	Einelti og kynferðislegt áreiti	60
4.4.5	Samantekt á körlum og konum í lögreglunni.....	62
4.5	Samræmi einkalífs og vinnu.....	63
4.5.1	Lögreglan sem önnur fjölskylda	63
4.5.2	Viðhorf samfélagsins.....	66
4.5.3	Samantekt á samræmi einkalífs og vinnu	68
5	Umræða	69
5.1	Samantekt á niðurstöðum	69
5.2	Umræða.....	70
6	Heimildaskrá	75
	Viðauki 1- Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku	79

1 Inngangur

Á síðustu árum hefur skilgreiningin á lögreglumeningu orðin flóknari og engin ein skilgreining hefur verið sett fram á hugtakinu. Fræðimenn hafa fjallað um bæði neikvæðar og jákvæðar hliðar hennar en neikvæða hliðin oft fengið meiri athygli. Þá hafa sumir fræðimenn tengt lögreglumeningu við karlmennsku, fordóma, íhaldssemi og félagslega einangrun (Waddington, 1999; Paoline, 2003). En þrátt fyrir að umræðan um lögreglumeningu sé oft neikvæð hefur líka verið fjallað um jákvæðar hliðar hennar. Lögreglumeningin hjálpar lögreglumönnum að losa sig við streitu þar sem þeir læra aðferðir gegn henni í menningunni. Hún kennir þeim hvernig á að vernda sig í starfinu og að lifa af í hættulegum aðstæðum. Menningin getur verið ólík á milli vinnustaða og á milli starfstöðu fólks og því ekki hægt að alhæfa að menningin sé eins alls staðar (Paoline, 2003; Workman-Stark, 2017).

Hugmyndin að þessari rannsókn kviknaði við vinnu við ritgerð í sakfræði áfanga í meistaranámi höfundar. Sú heimildaritgerð fjallaði um stöðu íslenskra kvenna í lögreglunni og komst höfundur að því hvað lítið hefði verið rannsakað um það hér á landi. Við þau ritgerðarskrif vöknudú fleiri spurningar og þar kom hugmyndin að þessu verkefni. Í nokkrum fyrri íslenskum rannsóknum sem hafa verið gerðar um stöðu kvenna í lögreglunni, koma upp önnur einkenni lögreglumeningar. Einkennin eru t.d. álag og líðan í starfi og við gegn hinum viðhorfið sem vísar í lögreglu og almenning. Eftir sitja spurningar eins og: Hvert er viðhorf lögreglumanna á vinnustaðamenninguna? Hversu vel eiga fyrri erlendar rannsóknir við um lögreglumeninguna á Íslandi? Á við gegn hinum viðhorfið við á Íslandi? Er félagsleg einangrun algeng innan lögreglunnar? Hvaða sálrænu úrræði og stuðningur eru í boði? Hvers vegna er kynjahlutfallið jafnt í Lögregluskólanum en ekki í starfinu sjálfu?

Það hefur verið erfitt að skilgreina lögreglumeningu en þá sérstaklega í tengslum við stöðu kvenna í lögreglunni. Árið 2017 voru 18% þeirra sem störfuðu í lögreglunni konur en það hlutfall hafði hækkað um 2% frá fyrra ári. Hlutfall kvenna í lögreglunni hefur aukist í gegnum árin en hefur samt ekki tekið miklum breytingum síðan

1997 sem er áhyggjuefni (Kristín Hjálmarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018; Lögreglan, 2016). Þrátt fyrir að fjölgun hafi verið á konum sem útskrifast úr Lögregluskólanum síðastliðinn 15 ár er hlutfall kvenna í lögreglunni ekki að aukast í takt við það. Upplýsingar um ósk á lausn frá embætti getur gefið þá vísbendingu að ástæðan fyrir því sé hátt brotthvarf kvenna úr starfinu (Ríkislögreglustjórnin, 2014). Í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) kom fram að ástæður brotthvarfs hjá kvenkyns viðmælendum voru ýmist vegna kynferðislegrar áreitni, eineltis, frekara náms og vegna lágra launa. Mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi á ástæður þess af hverju svona fáar konur starfa í lögreglunni og er það stórt vandamál. Niðurstöður úr könnun hjá lögreglunni um viðhorf lögreglumanna til jafnréttismála sýndu að um helmingur starfsfólks sá ekki mikla ástæðu til að leggja áherslu á jafnréttismál. Skýringin á því getur verið að karlar skilji ekki hvert vandamálið er vegna þess að þeir njóta ákveðinna ósýnilegra forréttinda og upplifa síður misrétti. Það er mikilvægt að breyta þessu viðhorfi því allir græða á jafnrétti (Kristín Hjálmarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Meginástæður þess að höfundur fannst þessi vinnustaðamenning áhugaverð er vegna þess að lögreglumenn vinna undir mjög sérstökum kringumstæðum og upplifa hluti sem fæstir í samfélaginu þurfa að sjá eða heyra af. Starfinu fylgir mikil streita og eru þættir eins og umhverfi, félagastuðningur, samræmi einkalífs og vinnu og stjórnsýslan dæmi um stóra álagþætti. Í rannsókn Ólafs Arnar Bragasonar og Ólafs Kára Júlíussonar (2008) sýndu niðurstöður að einn af hverjum tíu lögreglumönnum upplifði þó nokkra streitu, þunglyndi eða kvíða. Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu voru stressaðri, þunglyndari og kvíðnari og meiri stjórnsýsluleg streita var hjá þeim en hjá lögreglumönnum af landsbyggðinni. Það verður því áhugavert að skoða muninn á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni í þessari rannsókn. Mikilvægt er að finna jákvæðar leiðir til að takast á við álagið og hefur lögreglan verið að bætt þjónustu við lögreglumenn yfir árin. Leiðir eins og sálfræðiaðstoð og félagastuðningur eru mikilvægar fyrir lögreglumenn en rannsókn ríkislögreglustjóra (2011) sýndi hins vegar að margir þekktu lítið til þeirra sálrænu stuðningsúrræða sem stóðu til boða. Þeir sem vinna ekki úr álaginu eru því í hættu á því að missa metnaðinn, kulna eða jafnvel hætta í starfinu snemma (He, Zhao og Archbold, 2002).

Í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) og Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur (2016) á lögreglumeningu kom m.a. fram í viðtölum að lögreglan væri mjög náinn hópur og upplifir sig sem eina fjölskyldu. Sumar erlendar rannsóknir hafa fjallað mikið um við gegn hinum viðhorfið þegar lögreglumening er skoðuð. Það getur til að mynda verið fjandsemi frá almenningi líkt og bandarísk rannsókn sem Brough, Chataway og Biggs (2016) sýndi eða öfugt þar sem lögreglan einangrar sig sjálf frá almenningi. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á Íslandi sýna að almenningur hefur jákvætt viðhorf til lögreglunnar og því gætu niðurstöður erlendra rannsókna ekki endilega átt við hér á landi.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um lögreglumeningu en þær sem hafa verið gerðar hafa aðallega fjallað um stöðu kvenna í lögreglunni. Þessi rannsókn á að varpa ljósi á fleiri einkenni lögreglumeningarinnar. Lögreglunáminu og vaktakerfinu á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig nýlega verið breytt og því áhugavert að skoða hvaða breytingar það hefur haft í för með sér.

1.1 Tilgangur og markmið rannsóknar

Eins og fram hefur komið þá kviknaði hugmyndin af verkefninu í sakfræði áfanga sem kenndur er í meistaranámi félagsfræðinnar. Þar komst höfundur að því að fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um lögreglumeningu og lögreglumenn oft ekki fengið að tjá sína upplifun á henni. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að skoða upplifun lögreglumannanna á vinnustaðarmeningunni og tengja það við fræðimenn og fyrri rannsóknir. Lögreglan er sérstakt og mikilvægt starf innan samfélagsins og vinna lögreglumenn undir mjög sérstökum kringumstæðum. Lögreglan er þéttur og lokaður hópur og því áhugavert að fá innsýn inn í starfið og umhverfi þess. Ríkislögreglustjóri hefur staðið fyrir ýmsum rannsóknum á síðustu árum sem snerta lögregluna til þess að skapa betra og heilbrigðara umhverfi fyrir hana.

1.2 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðinni er skipt upp í fimm kafla. Í fyrstu köflunum er farið yfir fræðilega umfjöllun þar sem lögreglumening er skilgreind og farið er yfir helstu birtingarform hennar. Þar er fjallað sérstaklega um karla og konur í lögreglunni, álag starfsins og við gegn hinum viðhorfið. Farið verður yfir bæði erlendar og íslenskar rannsóknir á lögreglumeningu og einkennum hennar. Síðan er farið yfir aðferðafræðikafla þar sem fjallað verður um framkvæmd rannsóknar, rannsóknaraðferð, val á þátttakendum, gagnasöfnun, úrvinnslu og að lokum yfir siðferðileg álitamál. Í fjórða kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Í fimmta og síðasta kaflanum eru niðurstöðurnar dregnar saman og rannsóknarspurningum svarað. Niðurstöðurnar eru síðan bornar saman við fræðilegu umfjöllunina og fyrri rannsóknir í umræðukafla. Þar setur höfundur einnig fram sínar hugmyndir á efninu.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Hlutverk lögreglu

Hlutverk lögreglunnar er að tryggja réttaröryggi og gæta almannaoöryggis, koma í veg fyrir afbrot og vinna að uppljóstrun þeirra. Lögreglan á að veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi allsherjarreglu og almannafriði. Lögreglan er í þjónustuhlutverki í sínum daglegu störfum og ber ábyrgð gagnvart borgurum og yfirvöldum. Lögreglan á að vera með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af hlutlægni, heiðarleika, réttssýni, nærgætni, þagmælsku, trúmennsku og þekkingu. Öryggishlutverkið hefur aukist á síðustu árum sem að skýrist að hluta til vegna fjölgunar brota sem fela í sér skipulagða glæpastarfsemi. (Guðmundur Guðjónsson, 2003; Ríkislögreglustjórinn, 2009). Afbrotavarnir eru meginhlutverk lögreglunnar og þarf hún að koma í veg fyrir ólögmæta starfsemi en einnig að sinna forvarnarstarfi. Markmið lögreglunnar er að upplýsa flest þau brot sem koma til rannsóknar. Þegar verkefni lögreglunnar hafa verið greind vega öryggishlutverkið, afbrotavarnahlutverkið og rannsóknarhlutverkið þyngst. Þau verkefni hafa þann tilgang að koma í veg fyrir afbrot og tryggja öryggi borgara en önnur verkefni sem vega líka þungt er t.d. hjálparhlutverkið (Ríkislögreglustjórinn, 2009). Lögreglan sér ekki einungis um að fækka glæpum og handsama glæpamenn heldur eru hún ábyrg fyrir mörgum öðrum verkefnum samfélagsins (Mawby, 2008). Rannsóknir sýna að viðhorf almennings til lögreglunnar er almennt jákvætt og mikill meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu taldi að lögreglan hefði skilað góðu starfi í könnun sem var gerð 2017 (Lögreglan.is, 2017). Þetta jákvæða viðhorf byggir að hluta til á því hvernig lögreglan er að sinna þjónustu við almenning og hvernig hún aðstoðar hann þegar hætta steðjar að. Mikilvægt er að skilgreina hlutverk og skyldur lögreglunnar til þess að hægt sé að meta verkefni og forgangsraða þeim rétt. (Ríkislögreglustjórinn, 2009).

Þjónusta lögreglunnar snertir alla hópa samfélagsins og því þarf lögreglan að taka mið af margbreytileika þess. Mikilvægt er að hafa ólíka hópa innan lögreglunnar sem hafa ólíka reynslu og þekkingu til þess að tryggja sem besta þjónustu við almenning (Ríkislögreglustjórinn, 2014). Samfélagið setur traust sitt á lögregluna og því er mikilvægt að lögreglan endurgjaldi það traust sem henni er sýnt með því að ástunda heiðarleg vinnubrögð. Rannsóknir á heiðarleika og siðferði innan lögreglunnar eru mikilvægar fyrir

fræðslur, eftirlit og forvarnir og þarf því að gera slíkar rannsóknir reglulega (Ólafur Örn Bragason, 2005). Í siðareglum lögreglunnar á Íslandi er lögð áhersla á góða siði og starfsmenn eiga að vera áreiðanlegir fagmenn. Lögreglan þarf að beita sér gegn spillingu innan lögreglunnar og ef þeir verða varir við spillingu þurfa þeir að tilkynna það (Ríkislögreglustjórinn, 2016). Rannsóknir sýna að lögreglumenn á Norðurlöndunum eru heiðarlegri en annars staðar og horfa þeir alvarlegri augum á hegðun á gráu svæði. Minnsta spillingin hefur mælst á Norðurlöndunum og má því ætla að siðferði lögreglu endurspegli siðferði almennt (Ólafur Örn Bragason, 2005).

2.2 Skilgreining lögreglumeningu

„Accepted practices, rules and principles of conduct that are situationally applied and generalized rationales and beliefs” (Manning 1989: 360).

Hugtakið lögreglumening hefur fengið ólíkar skilgreiningar og fræðimenn hafa velt því fyrir sér hvort menningin smitist frá samfélaginu eða hvort hún verði til innan stofnunarinnar. Engin ein skilgreining hefur verið sett fram af hugtakinu. Á síðustu árum hefur skilgreiningin um lögreglumeningu orðin flóknari og hafa fræðimenn oft fjallað frekar um nokkrar menningar innan lögreglunnar. Sumir halda því fram að menningin sé ólík milli starfsstiga innan lögreglunnar og að menningin ætti frekar að kallast undirmening (subculture) innan menningarinnar. Menningin er oft talin vera öðruvísi hjá götulögregluþjónum en hjá t.d. yfirmönnum. Áður en hægt er að skilgreina lögreglumeningu þarf að skilgreina hugtakið vinnustaðamenning.

Ýmsar skilgreiningar hafa verið settar fram á hugtakinu vinnustaðamenning og hafa skapast miklar umræður um fyrirbærið. Flestar skilgreiningar benda á að vinnustaðamenning sé fyrirbæri sem er til líkt og menning í samfélaginu og að hún sé félagsleg smíð sem skapar meðlimum skipulagsheilda leið eða vettvang til að setja atburði í samhengi. Ýmsir þættir geta skýrt íslenska vinnustaðamenningu eins og t.d. einsleitt samfélag, fámenni og náin tengsl. Vinnustaðamenning er í raun óskrifaði tilfinningalegi hluti skipulagsheildarinnar og er krafturinn sem heldur stofnuninni saman (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson o.fl., 2010). Í vinnustaðamenningu felst samþykkt þjálfun, hegðun og reglur

á vinnustað og almenn trú og skynsemi. Starfsfólk þarf að takast á við alls konar verkefni og erfiðleika í starfi og til þess að leysa þau verkefni þarf að fara eftir gildum og venjum vinnustaðarins (Waddington, 1999; Paoline, 2003). Vinnustaðamenning kennir einstaklingum og hópum hvernig á að haga sér og hvaða reglum ber að fylgja. Menningin tengist t.d. andlegu álagi, starfsánægju og skipulagi stofnana. Menningin hjálpar einstaklingum að skilgreina sjálfan sig og eykur oft sjálfstraust þeirra. Hún segir fólki hvernig það eigi að haga sér og hvernig þeim á að líða vel með sjálft sig. Vinnustaðamenning getur verið sterk í þeim störfum þar sem margir fá nákvæmlega sömu þjálfun og fólki kennd sömu viðmið og gildi og það á vel við um lögreglustarfið (Paoline, 2003).

Rannsóknir á lögreglumenningu hófust um 1960 þegar rannsakendur fóru að kanna hvort menningin hefði bein áhrif á hegðun lögreglumanna. Þær rannsóknir sýndu að menningin hafði áhrif á hegðun og á þeim tíma einkenndist lögreglan af karlmönnum sem sýndu engar tilfinningar og voru harðir af sér. Jerome Skolnick var einn af þeim fyrstu sem rannsakaði áhrif menningu á hegðun og taldi skýringuna vera vegna álags í starfi þar sem lögreglumenn voru undir miklu álagi að standa sig vel (Workman-Stark, 2017). Umræðan um lögreglumenningu er mjög oft neikvæð þar sem hún hefur verið tengd við karlmennsku, fordóma, óþolinmæði, íhaldssemi, félagslega einangrun og þagnarskyldu (Waddington, 1999; Paoline, 2003). Lögreglumening hefur áhrif á daglega hegðun lögreglumanna og hvernig samskiptum þeirra er háttað við aðra almenna borgara. Rannsóknir hafa sýnt að menningin getur leitt til óformlega norma sem geta haft neikvæð áhrif á hegðun og siðferði lögreglumanna. Hlutverk lögreglu eru oft tengd við glæpi og býr það til ákveðna staðalímynd af starfinu. Með þessu er hugsunin að lögreglan sé miklu meira en bara starf og að lögreglumenn leika stórt hlutverk í samfélaginu. Að þarna séu lögreglumenn að bjarga heiminum með því að leysa glæpi. Karlmennska er einn hluti af lögreglupersónuleikanum sem hefur einkennt lögreglunna í gegnum tíðina. Karlar hafa alltaf verið mikið fleiri innan lögreglunnar og hafa þeir mótað menninguna og gert þetta að karllægu starfi. Karlmennskan hefur því gert konum erfiðara fyrir í lögreglunni. Lögreglumeningin einkennist líka af sterkum og nánnum böndum á milli samstarfsfélaga þar sem það er lykilatriði í starfinu. Félagar þurfa að vernda hvorn annan í hættulegum aðstæðum og standa við bakið á hvor öðrum. Það getur gert lögregluhópin mjög

einsleitan og einangrað hann frá samfélaginu (Brough, Chataway og Biggs, 2016; Paoline, 2003).

Þrátt fyrir að umræðan um lögreglumeningu sé mjög oft neikvæð þá er mikilvægt að fjalla líka um jákvæðar hliðar hennar. Menningin getur hjálpað lögreglumönnum að losa sig við streitu og kennir þeim að vernda sig og lifa af í starfinu. Menningin hjálpar lögreglumönnum að skilja starfið betur og hvernig á að bregðast við í hverjum aðstæðum. Lögreglumönnum líður vel oft með starfið sitt og finnst þeir vera að hjálpa samfélaginu og því horfa þeir oft mjög jákvæðum augum á menninguna. Þeir horfa á samstarfsfélaga sína sem fjölskyldu og myndu alltaf verja þá í erfiðum aðstæðum. Menningin hjálpar þeim að leysa vandamál og vinna úr álagi í starfinu. Þar hefur svarti húmorinn verið notaður sem ákveðið tæki til að takast á við erfið áföll í vinnunni. Menningin er líka jákvæð fyrir nýja lögreglumenn sem eru að læra inn á starfið og geta leitað í menninguna til að læra hegðun og til þess að komast inn í hópinn fljótt. Menningin er jákvæð á þann hátt að hún kennir fólki að skilja hlutverk og verkefni lögreglunnar. Lögreglumeningin getur líka verið misjöfn eftir löndum, lögreglustöðvum og á milli starfsstöðu fólks og því ekki endilega hægt að tala um lögreglumeninguna eins alls staðar (Paoline, 2003; Workman-Stark, 2017). Fræðimennirnir Jerome H. Skolnick og P.A.J Waddington settu fram skilgreiningar á lögreglumeningunni og einkennum hennar og verður fjallað um þá hér að neðan.

2.2.1 Skilgreining Skolnick á lögreglumeningu

Félagslegir hópar í hverju samfélagi eins og lögreglan lesa mismunandi í hverjar aðstæður fyrir sig og sjá heiminn með öðrum augum en aðrir. Viðhorf lögreglumanna til heimsins eða samfélagsins hefur verið lýst sem vinnupersónuleika (working personality). Jerome Skolnick þróaði hugmyndina um vinnupersónuleika lögreglunnar og lýsti því hvernig sýn lögreglumanna á heiminn er öðruvísi en hjá öðru fólki í samfélaginu (Dunham og Alpert, 2015). Justice without trial er frægasta verk Skolnick sem kom út árið 1966 og skoðaði hann hegðun lögreglumanna í Bandaríkjunum. Þar reynir hann að gefa upp skýra mynd af því hvernig lögreglumenn haga sér í mismunandi aðstæðum og hvernig þeir passa inn í samfélagið (Westmarland, 2008). Skolnick fjallar um að vinnupersónuleikinn geti verið öðruvísi á milli einstaklinga en að það séu alltaf ákveðnar hefðir innan lögregluhópa.

Lögreglumennirnir upplifa sömu hlutina í vinnunni og fara eftir sömu verkferlum og því verður hópurninn oft einsleitur með svipuð viðmið og gildi. Skolnick fjallaði um að hættur og vald væru stærsti hlutinn af persónuleika lögreglumanna og að það stjórnaði því hvernig þeir hegðuðu sér í vinnunni. Lögreglumenn vinna oft við hættulegar aðstæður sem gerir það að verkum að þeir horfa á aðra í samfélaginu sem grunsamlega. Það getur verið hættulegt þar sem lögreglumenn verða oft einangraðir og aðrir einstaklingar í samfélaginu leitast ekki í það að eiga vinarlegt samband við þá (Rice og White, 2010).

Lögreglan stimplar ákveðnar týpur í samfélaginu og nokkrar þeirra eru þá glæpamenn. Þeir gera það vegna þess að það er mikil hættu sem fylgir starfinu og þeir finna leiðir til þess að vernda sig. Þeir þurfa því að reyna skynja hættur og forðast þær. Það er oft mikil fjandsemi við lögregluna frá almenningi og því hópa þeir sig saman og einangrast frá samfélaginu. Áhætta í starfinu dregur lögreglumenn ekki einungis saman heldur einangrar þá frá almenningi. Lögreglumenn vinna oft á öðrum tíma en fjölskylda og vinir og myndast því oft sterkir vinahópar innan lögreglunnar. Þeir standa oft saman og þá sérstaklega gagnvart félögum sínum. Skolnick fjallar líka um að karlmennskan sé mikil innan lögreglunnar þar sem karlar þurfa að sýna að þeir séu harðir og duglegir (Skolnick, 2011). Þrátt fyrir að menning myndist innan lögreglunnar, eru samt undirliggjandi gildi og viðmið sem lærast frá samfélaginu sem hefur líka áhrif á hegðun lögreglumanna. Þessi gildi og viðmið móta vinnustaðameninguna og verður leiðarvísir fyrir starfsmenn. Nýir starfsmenn læra af þessari menningu og læra hvernig á að haga sér, sem getur verið varasamt ef menningin er neikvæð. Skolnick taldi það vera mjög jákvæða þróun að konur og fólk í minnihlutahópum væru komin í lögregluna og hafa nauðsynlegar breytingar verið gerðar síðan (Westmarland, 2008).

2.2.2 Skilgreining Waddington á lögreglumeningu

Lögreglumeningu er oft lýst með orðunum karlmennska, fordómar, óþolinmæði og íhaldssemi og að þessir hlutir hafi áhrif á hegðun lögreglumanna í starfinu. Peter Anthony James “Tank” Waddington fjallar um að fræðimenn sem hafa sett upp kenningar um lögreglumeningu telja að viðhorf lögreglumanna hafi áhrif á það hvernig þeir hegða sér í starfinu. Samkvæmt Waddington er menningin til staðar fyrir lögreglumennina sjálfa en

hefur engin áhrif á þá í starfinu út í samfélaginu. Menningin tali því ekki fyrir kynþáttahatri eða kynjamisrétti heldur tengist það ríkjandi menningu í samfélaginu sem þeir búa í. Waddington segir að menningin sé aðeins tengd því sem lögreglumenn segja á vakt en það hafi ekki áhrif á hegðun þeirra í verkefnum starfsins. Hann segir karlmenskuna vera mikilvægur þáttur fyrir hlutverk starfsins og að það þurfi ekki að horfa á það með neikvæðum augum. Hann fjallar einnig um að það sem lögreglumenn segja við hvorn annan hafi ekki áhrif á hegðun þeirra á vettvangi. Eins og þegar karlmaður er að reyna við unga konu á vakt eða er að tala um líkamann hennar þá er hann samt tilbúin til þess að hjálpa konum í aðstæðum eins og t.d. í heimilisofbeldi (Westmarland, 2008; Waddington, 1999).

Waddington velti fyrir sér af hverju lögreglumenn eyða svona miklum tíma í að tala um hluti sem hafa síðan lítil eða engin áhrif á starfið sjálft. Mörg dagleg verkefni lögreglunnar eru oft talin leiðinleg og í mjög fáum tilfellum þarf að beita harðræði eða ofbeldi en samt virðast lögreglumenn lýsa vettvöngum öðruvísi en hann var. Þeir reyna að sannfæra sig og aðra samstarfsfélaga um að starfið snúist eingöngu um hasar og spennu og að menn þurfi að vera harðir. Waddington var ekki sammála því að einbeita sér að því að skilja hvað lögreglan gerir eða segir heldur frekar að betrubæta. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir ýmislegt í skrifum sínum þar sem hann talar ekki alltaf út frá þeim sem hann er að rannsaka heldur frá sínum hugmyndum. Rannsóknir á lögreglumeningu hafa verið gagnrýndar fyrir að skilja ekki menninguna út frá sjónarhorni lögreglumanna. Hann talar einnig oft fyrir karlmenskunni en skrifar samt um leiðir til þess að leysa vandmálið og það helst ekki í hendur. Þrátt fyrir að eitthvað sem lögreglumenn segi endurspeglar ekki í hegðun, þá skapar þetta hættu innan starfsins, eins og brottfall, einelti, kynferðislega áreitni og fl. (Westmarland, 2008).

2.3 Einkenni lögreglumeningu

2.3.1 Karlar og konur í lögreglunni

Erfitt hefur verið að skilgreina lögreglumeningu og hafa fræðimenn leitað eftir nákvæmari skýringu í meira en 40 ár. Það hefur verið sérstaklega erfitt að skýra

lögreglumeningu kynjanna en karlmennskan hefur verið algeng í þeirri umræðu (Westmarland, 2008). Fyrri rannsóknir hafa sýnt að ríkjandi karlmennska getur haft mikil áhrif á hegðun fólks innan stofnana og þá oftast á neikvæðan hátt (Barrie og Broomhall, 2012). Hlutverk og staðalímyndir kynjanna verða til í samfélaginu og lærum við það fljótt eftir að við fæðumst. Hlutverk karla og kvenna hafa ekki verið þau sömu í gegnum tíðina og eru sum hlutverk kennd við konur og önnur við karla. Það er ætlast til að karlar og konur hegði sér á ákveðinn hátt og haldi sér inn fyrir „normið“. Vinnustaðir hafa verið kenndir við annað hvort karla eða konur og hefur lögreglan ávallt verið karllægur vinnustaður. Þrátt fyrir að konum hafi fjölgað í lögreglustörfum og ýmsar jafnréttisáætlanir verið gerðar upplifa konur ennþá að lögreglan sé karllægt starf (Saghal, 2007).

Að berjast gegn glæpum (crime fighter) hefur lengi verið talið mikilvægasta hlutverk lögreglunnar. Mikilvægara sé þá að handsama glæpamenn heldur en að halda almannareglu eða sinna minni verkefnum. Með þessari hugmynd er hætta á að verið sé að búa til ímynd af árásargjörnum götulögregluþjónum sem aðrir lögreglumenn vilja fylgja eftir (Paoline, 2003). Ímyndin um hlutverk lögreglunnar er mjög karllæg þar sem starfið snýst um hættulegar aðstæður og um að beita valdi og því ætti þetta starf ekki að henta konum þar sem þær eru ekki líkamlega jafn sterkar og karlar (Westmarland, 2008). Í rannsókn Brough, Chataway og Biggs (2016) sem rannsakaði lögreglumeningu kom fram að karlmennskan er ríkjandi og það er ætlast til að menn sé harðir og konur hvattar til þess að sýna ekki mjúku hliðina. Nokkrar fyrri rannsóknir hafa sýnt að karlar sækja um starf í lögreglunni því þeir sjá fyrir sér hasar og spennu og er því karlmennsku ímyndin mjög ríkjandi í hugmyndinni af starfinu. Þetta er hins vegar ekki raunveruleikinn þar sem mjög lítill hluti af starfi lögreglunnar reynir á líkamlegan styrk eins og t.d. þátttöku í slagsmálum (Brewer, 1991).

Karlmönnum finnst þeir oft þurfa að sanna sig í erfiðum aðstæðum til að verða hluti af hópnum. Það getur haft í för með sér neikvæðar afleiðingar þar sem starfið gæti verið tengt aðeins við líkamleg átök og önnur verkefni lögreglunnar verið sögð kvenleg. Ef lögreglumenn sýna kvenlegar hliðar eiga þeir í hættu á því að félagar þeirra hafni þeim inn í hópinn. Þeir reyna því oft að sýna hliðar karlmenskunar til að passa inn í hópinn. Þetta getur verið varasamt fyrir þá sjálfa og fyrir stofnunina (Workman-Stark, 2017).

Lögreglumenn geta beitt miklu harðræði og notað ólöglega valdbeitingu þegar þeir reyna að sanna karlmennsku sína. Þetta getur líka leitt til þess að þeir eigi erfitt með góð samskipti við lögreglukonur. Lögreglumenn bæla því oft niður tilfinningar sínar og leita t.d. ekki til sálfræðiaðstoðar sem er í boði og það getur haft neikvæð áhrif á heilsu þeirra. Ýmsir lögreglumenn hafa greinst með áfallastreituröskun og margir lent í kulnun í starfi (Workman-Stark, 2017). Lögreglumenn þurfa samt að vera kaldir gagnvart vinnunni og mega ekki taka hluti inn á sig og því ekki ólíklegt að lögreglumenn bæli tilfinningar sínar (Martin, 1999). Samfélagslöggæsla (e. community-policing) hefur orðið vinsæl hjá lögreglunni en hún snýst um samvinnu lögreglu og almennings til að takast á við vandamál í samfélaginu. Samfélög vilja nútímalegri nálgun í starfið þar sem áhersla er lögð á samskipti og samvinnu lögreglunnar við almenning. Rannsóknir hafa sýnt að lögreglukonur tileinka sér oftast þann stíl að leysa vandamál með samskiptum í stað þess að beita líkamlegu valdi og passa þær því vel inn í samfélagslöggæsluna. Konur virðast oft hafa meiri hæfileika í samskiptum heldur en karlar og eru fleiri konur en karlar menntaðar innan lögreglunnar. Ein helsta ástæðan fyrir því að fólki finnst að konur geti ekki unnið lögreglustarfið eins og karlarnir er vegna þess að þær eru ekki eins líkamlega sterkar og þeir. Rannsóknir sýna hins vegar að bæði karlar og konur geti sinnt starfi sínu jafn vel og líkamlegir burðir kvenna hafi ekki áhrif á verkefni þeirra í starfinu (Lonsway og Moore, 2003).

Á Íslandi ber ríkislögrelustjóri ábyrgð á jafnréttismálum lögreglunnar og á framgangi jafnréttisáætlunar innan embætta sinna. Einnig var stofnað fagrað þar sem ráð óháðra fagaðila tekur til umfjöllunar mál sem geta tengst kynbundinni áreitni, mismunun, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti innan lögreglunnar (Lögreglan, 2019). Konum í lögreglunni hefur fjölgað á síðustu árum í Evrópu en þrátt fyrir það hafa rannsóknir sýnt að ójafnrétti kynjanna sé enn til staðar. Áður fyrr voru ekki til skýrar jafnréttisáætlanir innan lögreglunnar en þær hafa verið sýnilegri á síðustu árum. Þessar jafnréttisáætlanir eru mismunandi eftir löndum þar sem menning getur skipt miklu máli. Rannsókn Lippe Graumans og Sevenhujisen (2004) sýndi að jafnréttisáætlanir fyrir kynin væru mjög mikilvægar til að bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar. Í rannsókninni voru löndin Svíþjóð, Holland, Austurríki og Spánn skoðuð og sýndu niðurstöður að í þeim löndum þar sem jafnréttisáætlanir voru vel vandaðar, voru konur í betri stöðu innan

lögreglunnar. Á Íslandi fjalla lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og markmið lagana er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum karla og kvenna og jafna þannig stöðu kynjanna. Allir eiga að hafa jafnan möguleika á að þroska hæfileika sína og njóta eigin atorku óháð kyni. Það þarf því að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun.

Tvær konur voru ráðnar á fimmta áratugnum í íslensku lögreglunna en áttu þó ekki að sinna sömu hlutverkum og karlarnir heldur áttu þær að sjá um konur og börn í vandræðum. Árið 1973 hófu tvær konur nám í Lögregluskólanum fyrstar kvenna og áttu að fá að sinna sömu hlutverkum og karlarnir. Það varð hins vegar ekki raunin þar sem þær fengu enga líkamlega þjálfun og þeim fannst stjórnendur ekki vera tilbúnir til að fá konur inn í hefðbundin hlutverk lögreglunnar (Rúv og Eiríkur Ingi Böðvarsson 2014). Árið 1996 voru gerðar breytingar á aðgengi að Lögregluskóla ríkisins og var það meðal annars gert til að fjölga konum í lögreglunni. Fram til þess tíma höfðu lögreglustjórar valið fólk í lögregluna og sent það í skóla sem hentaði þeim. Með breytingunum var ákveðin valnefnd búin til sem átti að sjá um að velja fólk í skólann og einnig var lágmarkshæð felld niður sem útilokaði 50% kvenna frá starfinu. Valnefndin kom til starfa árið 1997 og auglýsti sérstaklega eftir konum í starfið og vakti athygli á því að starfið hentaði konum jafn vel og körlum. Árið 1996 voru lögreglukonur 4% af heildarfjölda lögreglumanna en árið 2002 voru þær 9,11% og gæti verið ástæðan fyrir því verið þessar breytingar. (Forsætisráðuneytið, 2002).

Með árunum hefur konum fjölgað í lögreglunni og voru konur í meirihluta í Lögregluskólanum á Akureyri haustið 2017 en hins vegar hefur brottfall kvenna úr lögreglunni verið hátt í gegnum árin sem er athyglisvert. Í jafnréttisáætlun lögreglunnar er lögð áhersla á að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum innan lögreglunnar en samt sem áður er lögreglan karlavinnustaður. Mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um ástæður þess af hverju svona fáar konur starfa í lögreglunni og er það stórt vandamál. Hlutfall kvenna í lögreglunni hefur aukist en hefur ekki tekið miklum breytingum síðan 1997 sem er áhyggjuefni (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2013). Árið 2016 voru 706 starfandi í lögreglunni og þar af voru 113 konur, eða 16%. Af 46 yfir- og aðstoðarlögregluþjónum voru aðeins þrjár konur en þær gegna stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns og af 39 aðalvarðstjórum voru tvær starfandi konur eða 5%.

Hæsta hlutfall kvenna var 23% og af 66 lögreglufulltrúum voru 11 konur. Engin kona var því starfandi sem yfirlögregluþjónn árið 2016 (Lögreglan, 2016).

Þrátt fyrir að fjölgun hafi verið á konum sem útskrifast úr Lögregluskólanum síðastliðinn 15 ár er hlutfall kvenna í lögreglunni ekki að aukast í takt við það. Ástæðan fyrir því er þá annað hvort mikið brottfall þeirra úr starfi eða að þær skili sér ekki í störf innan lögreglunnar eftir námið. Upplýsingar um ósk á lausn frá embætti getur þó gefið þá vísbendingu að ástæðan sé brottfall kvenna úr starfinu. Hlutfall kvenna í lögreglunni hefur hækkað mjög lítið síðan 2005 þrátt fyrir að fleiri konur séu brautskráðar úr Lögregluskólanum og gefur það þá vísbendingu að konur hætti frekar störfum innan lögreglu en karlar (Ríkislögreglustjórnin, 2014). Í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) um stöðu lögreglukvenna kom fram að ástæður brotthvarfs hjá kvenkyns viðmælendum rannsóknarinnar voru ýmist vegna kynferðislegrar áreitni, eineltis, frekara náms og vegna lágra launa. Vinnumenningin virtist vera klámvædd og sögðust níu af hverjum tíu lögreglumönnum sem sögðust heyra klámbrandara/klámvísur á sínum vinnustað og oft hafa þeir brandarar það hlutverk að niðurlægja konur í gríni.

Í skýrslu hjá Vinnueftirlitinu (2008) kemur fram að mikilvægt sé fyrir vinnustaði að taka mark á upplifun einstaklinga því hún geti verið mismunandi í sömu aðstæðum. Áhættuþættir sem geta ýtt undir einelti og kynferðislega áreitni eru t.d. slæm stjórnun og óhentugt vinnufyrirkomulag, of mikið vinnuálag og streita, samdráttur og uppsagnir, slæm samskipti á milli starfsmanna eða skortur á umburðarlyndi t.d. gagnvart þjóðerni og kyni. Eins og fram hefur komið fylgir lögreglustarfinu mikil streita og vinnuskyldan oft mikil og erfið og því er mikilvægt að skoða þetta innan lögreglunnar. Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisleg áreitni og einelti eiga sér stað á íslenskum vinnustöðum og getur það leitt til stöðugrar streitu, vanlíðunar og veikinda þolenda.

Árið 2013 var viðhorf til stöðu jafnréttismála kannað hjá lögreglumönnum á öllu landinu og svo hjá borgaralegum starfsmönnum. Kom þar fram að um helmingur starfsfólks lögreglunnar sá ekki mikla ástæðu til að leggja áherslu á jafnréttismál eða styðja þær aðgerðir til að koma þeim í framkvæmd. Kynjamunur í viðhorfum lögreglumanna getur skýrst af svokölluðum ósýnilegum forréttindabakpoka karla þar sem karlar skilja ekki endilega vandamálið vegna þess að þeir njóta ákveðinna ósýnilegra forréttinda og hafa síður upplifað misrétti. Einnig mótuðu karlar menninguna innan

lögreglunnar og því eru viðmið þeirra og gildi ríkjandi innan stofnunarinnar. Mikilvægt er að breyta þessu viðhorfi því að allir græða á auknu jafnrétti, þar á meðal karlar (Kristín Hjálmarasdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Líkt og fram hefur komið eru til fáar íslenskar rannsóknir til um lögreglumeningu en flestar þeirra hafa skoðað kynjatengsl lögreglunnar. Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2013) gaf út skýrslu árið 2013 í samráði við ríkislögrelustjórann þar sem hún leit á reynslu og upplifun lögreglumanna af vinnumenningunni innan lögreglunnar. Hún skoðaði ástæður brotthvarfs kvenna í lögreglunni og eins og fram kom hér að ofan voru ástæðurnar ýmist vegna kynferðislegrar áreitni, eineltis, frekara náms og vegna lágra launa. Í rannsókninni kom fram að konur eru ekki aðeins í minnihluta sem lögreglumenn heldur einnig í stjórnarstöðum. Algengt er að fólk segi það vera ástæðuna fyrir því sé að konur séu ekki að sækja um þessar stöður en rannsóknin sýndi að konur sækja nánast jafn mikið um þær og karlarnir. Einn viðmælandinn sagðist hafa sótt um fjórar stöður og alltaf fengið höfnun en hafi aldrei kært það því að þetta væru óbein skilaboð um að karlarnir séu ekki tilbúnir til að fá konur upp um stöðu. Framgangur kvenna innan lögreglunnar er því mjög hægur og konur upplifa að þær muni ekki ná framgangi í starfi og er það ein ástæðan fyrir brotthvarfi þeirra í lögreglunni. Rannsóknin sýndi að konum í lögreglunni gengur betur að viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs en körlum og er því sú skýring á brotthvarfi kvenna úrelt. Viðhorf til lögreglukvenna voru frekar neikvæð og treystu konur sér og öðrum konum, til að sinna öllum hlutverkum starfsins en karlar gerðu það síður. Viðhorf yngstu lögreglumanna voru íhaldssömumust sem getur gefið til kynna að jafnrétti innan lögreglunnar muni ekki aukast með árunum. Einelti og kynferðislegt áreiti voru þættir sem voru nefndir í brotthvarfi kvenna úr lögreglunni. Í rannsókninni voru tæplega 18% sem töldu sig þolendur eineltis í lögreglunni, eða 24% kvenna og 17% karla. Þá voru tæplega 31% kvenna og 4% karla sem töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í lögreglunni.

Í framhaldi af þessari rannsókn framkvæmdi Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (2016) rannsókn í samstarfi við embætti ríkislögrelustjóra um upplifun lögreglukarla á vinnumenningu lögreglunnar. Viðmælendur virtust vera sammála því að fjölga ætti konum í lögreglunni en ætluðu þeim hins vegar afmörkuð hlutverk. Lögreglukonurnar virtust ekki vera eins hæfar til að taka á slagsmálum eða handtöku en væru góðar í að róa

aðstæður og koma í veg fyrir átök samkvæmt körlunum. Viðmælendurnir horfðu gagnrýnum augum á karlavelðið innan lögreglunnar en fáir virtust tilbúnir í kerfislægar breytingar. Upplifun karlanna í þessari rannsókn sýndi að vinnumenningu lögreglunnar er haldið á lofti með íhaldssömum hugmyndum um verkaskiptingu kynjanna og að karlarnir upplifi óbeinan þrýsting til að taka að sér aukavinnu og hliðra fjölskyldulífinu. Karlmennsku hugmyndirnar í vinnumenningu lögreglunnar virtust takmarka rými karlanna til að sýna tilfinningar sínar í starfi og notuðu þeir gjarnan svartan húmor til tilfinningaúrvinnslu.

Einnig voru nokkrar rannsóknir voru gerðar á áttunda áratugnum á lögreglumeningunni í Bandaríkjunum og má þar helst nefna rannsóknir Frances Heidensohn (2008) og Susan Martin (1999). Martin (1999) var ein af þeim fyrstu til að rannsaka hvernig lögreglukonur aðlaga sig að lögreglumeningunni í Bandaríkjunum. Rannsóknir hennar sýna að menningin einkenndist af karlmennsku sem hefur gert konum erfitt fyrir í starfinu. Martin fjallaði um að ímynd starfsins væri sú að „alvöru“ lögreglustarf snerist um glæpi og ofbeldi og því ætti starfið að vera fyrir karlmenn. Konum var ekki treyst fyrir sömu hlutverkum og karlarnir þar sem þær voru ekki jafn líkamlega sterkar og þeir. Rannsóknir hennar sýndu einnig að algengt var að konur yrðu fyrir kynferðislegu áreiti af öðrum lögreglumönnum og yfirmönnum.

Líkt og Heidensohn (2008) komst einnig að í sínum rannsóknum að lögreglukonur þurftu að aðlaga sig að karllægri menningu starfsins og upplifðu að karlarnir treystu þeim ekki. Lögreglukonur fengu ekki sömu viðurkenningu og karlarnir og þurftu að sanna sig meira í starfi. Niðurstöður Heidensohn sýndu að karlar og konur voru jafnhæf í lögreglustarfinu og lítill munur var á frammistöðu þeirra. Umræðan um að konur gætu ekki sinnt líkamlegu erfiði í starfinu var áberandi og þeim ekki treyst fyrir þeim hlutverkum. Lögreglukonurnar þurftu oft að fela kvenleika sinn til að verða hluti af hópnum eða „*ein af strákunum*“ eins og fram kom í viðtölum hjá viðmælendum hennar.

Brewer (1991) gerði rannsókn á á lögreglustöð á Írlandi á árunum 1987-1988. Niðurstöður sýndu að vinnumeningin væri skýr innan lögreglustöðvarinnar þar sem samtöl karlanna voru aðallega um kynlíf, íþróttir og bíla og gerðu þeir lítið úr konum með óviðeigandi kynlífsbröndurum. Lögreglukonurnar reyndu oft að vera einar af strákunum með því að fela kvenleika sinn og tóku þátt í þessum óviðeigandi kynlífsbröndurum til þess

að falla inn í hópinn. Aðrar konur vildu hins vegar ekki taka þátt í því að breyta hegðun sinni fyrir karlanna en þá voru þær ekki samþykktar inn í hópinn. Í rannsókn Sahgal (200) á lögreglustöð í Delhi voru niðurstöður mjög svipaðar og þessar fyrir ofan. Lögreglukonurnar upplifðu að karlarnir treystu þeim ekki fyrir þessu starfi því að lögreglustarf væri líkamlega erfitt starf og að konur hefðu ekki tíma fyrir bæði heimilisstörf og vinnuna. Þeim fannst einnig erfitt að fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf og karlarnir hlustuðu ekki á viðhorf eða skoðanir þeirra. Niðurstöður sýndu að mjög fáir karlar viðurkenndu að þeir litu niður á konur í starfi og afsökuðu þeir sig oft með því að segja að svona væri bara lögreglumeningin. Lögreglukonurnar voru því sjaldan settar í ábyrgðarhlutverk eða stjórnarstöður. Konum hefur verið kennt um þessa þróun þar sem þær eru ekki líkamlega jafn sterkar og karlar og eru ekki jafn viljugar til að taka að sér aukavinnu eða langar vaktir. Dyrnar eru opnar fyrir lögreglukonum en svo eru það þessar persónulegu og félagslegu hindranir sem þær þurfa að glíma við á hverjum degi.

2.3.2 Álag í lögreglunni

Lögreglustarfinu fylgir mikið álag og er talið af mörgum eitt af erfiðustu störfum samfélagsins. Lögreglumenn sjá margir hverjir þá hræðilegu hluti sem eru að gerast í samfélaginu sem flestir almennir borgarar þurfa aldrei að upplifa. Lögreglumenn þurfa líka að taka stórar ákvarðanir í erfiðum aðstæðum sem getur valdið mikilli streitu. Þættir eins og umhverfi, félagastuðningur, samræmi einkalífs og vinnu, stjórnsýslan og hvernig á að bregðast við aðstæðum hverju sinni eru stórir álagsþættir. Lögreglumenn vinna undir mjög sérstöku umhverfi sem getur verið hættulegt og skapað mikinn kvíða. Ofbeldi og ófyrirsjáanleg atvik í starfinu eru oft talin valda mestu andlegu og líkamlegu álagi (He, Zhao og Archbold, 2002).

Í skýrslu sem Innanríkisráðuneytið birti árið 2012 var farið yfir stöðu lögreglunnar. Þar kom fram að mannfæð og fjárskortur lögreglunnar hafi leitt til þess að lögreglan væri hætt að sinna mörgum verkefnum og litlir möguleikar væru til þess að skipuleggja átaksverkefni og þjálfun. Erfiðara var fyrir lögreglumenn að gæta almannaöryggis, halda uppi allsherjarreglu og að stemma stigu við afbrotum. Mikil fækkun hafði orðið á lögreglumönnum um allt land að sökum fjárskorts og hafði það mikil áhrif á störf og mátt

lögreglunnar. Fjárskorturinn hafði líka áhrif á minnkandi akstur lögreglunnar sem dregur verulega úr sýnileika og eftirliti hennar. Fækkun lögreglumanna hefur mikil áhrif á öryggi þeirra og fara þeir oft einir í útköll sem virðast venjubundin og einföld en snúast síðan upp í andhverfu sína sem ógnar öryggi þeirra (Innanríkisráðuneytið, 2012). Rúv birti frétt í júlí 2018 þar sem fram kom að lögreglumenn er sú starfsstétt sem lendir oftast í vinnuslysum hér á landi en þeir slasast tíu til tólf sinnum oftar en byggingaverkamenn. Skýringin á þessu er þá fyrst og fremst að mikil áhætta fylgir starfi þeirra og fámenni þeirra hefur líka mikil áhrif. Það eru mikið færri lögreglumenn til að vinna verkin og því meiri líkur á að lögreglumenn slasist (Rúv, 2018). Í annarri frétt sem birtist í ágúst 2018 kom fram að skráðum ofbeldis- og hótunarbrotum gegn lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu hafði fjölgað að meðaltali þrjú síðustu ár (Mbl, 2018).

Almenningur sér bæði í fjölmiðlum og kvikmyndum að lögreglumenn sinna erfiðum verkefnum sem fela í sér alvarlega atburði og geta valdið áföllum. Það eru hins vegar færri sem þekkja hið daglega amstur lögreglumanna eins og tölvu- og pappírsvinnuna, ásamt því að reyna halda sér í góðu formi og verða við kröfum um yfirvinnu. Það er því alltaf spurning hvort það sé að valda meiri streitu heldur en stóru áföllin. Ýmsar heilsurannsóknir, svefnrannsóknir og áfallastreitu rannsóknir hafa verið gerðar til að athuga streitu og líðan lögreglumanna. Rannsókn sem ríkislögrelustjórinn stóð fyrir árið 2008 sýndi að mælingar á stjórnsýslulegum og verkefnatengdum þáttum bentu til miðlungsstreitu lögreglumanna á Íslandi og var því einn af hverjum tíu lögreglumönnum sem upplifði þó nokkra streitu, þunglyndi eða kvíða. Það má því ætla að 70 lögreglumenn þyrftu streitaráðgjöf eða þunglyndismeðferð á ári hverju. Niðurstöður sýndu einnig að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu voru þunglyndari og kvíðnari og meiri stjórnsýsluleg streita var hjá þeim en hjá lögreglumönnum af landsbyggðinni. Einnig voru þeir sem höfðu lokið námi við Lögregluskólann þunglyndari og kvíðnari en þeir sem höfðu ekki lokið honum (Ríkislögrelustjóri, 2008). Í könnun frá ríkislögrelustjóranum árið 2011 kom fram að karlar fundu meira fyrir verkefnatengdri streitu en konur og fundu konur meira fyrir félagslegum stuðningi og voru hamingjusamari en karlarnir. Þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu fundu meira fyrir stjórnsýslulegri streitu en þeir sem bjuggu á landsbyggðinni. Þeir sem voru í dagvinnu mældust með lægri verkefnatengda og stjórnsýslutengda streitu heldur en þeir sem voru í vaktavinnu. Þrjár ástæður mældust

fyrir miðlungsstreitu og var það þreyta, skortur á starfsfólki og ekki nægilegur tími til að eyða með fjölskyldu og vinum. Rannsóknin sýndi að enginn munur væri á stjórnsýslutengdri og verkefnatengdri streitu en margar erlendar rannsóknir sýna að stjórnsýslutengd streita sé meiri og því skera íslenskir lögreglumenn sig úr þar (Ríkislögreglustjórinn, 2011).

Það finna allir fyrir streitu sem vinna hjá lögreglunni og er mikilvægt að takast á við það með jákvæðum aðferðum (Anshel, 2000). Árið 2009 var svokallaður félagastuðningur innleiddur innan lögreglunnar og felur hann meðal annars í sér stuðning fjölskyldu og starfsmanna, gott öryggisnet hins opinbera og margvíslega aðra þjónustu við lögreglumenn. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að félagslegur stuðningur dregur úr áhrifum neikvæðrar streitu. Í könnun sem gerð var af ríkislögreglustjóranum (2011) var félagastuðningur og sérfræðiþjónusta lögreglumanna skoðuð ásamt streitu, lífsánægju og félagslegum stuðning. Meirihluti þátttakenda eða 66,9% sögðust ekkert þekkja eða þekkja aðeins þau sálrænu stuðningsúrræði sem standa til boða og rúmlega fjórðungur þátttakenda sagðist ekki vita hvort félagastuðningur og/eða sérfræðiþjónusta væri í boði. Flestir sögðust einnig hafa setið viðrunarfund eftir erfitt verkefni en fleiri höfðu setið fundina á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega voru mun fleiri konur en karlar sem höfðu nýtt sér félagastuðning eða sérfræðiþjónustuna (Ríkislögreglustjórinn, 2011). Félagastuðningur og gott traust á milli samstarfsmanna getur dregið úr álagi í starfinu. Í lögreglustarfinu þarftu að geta treyst á félagan þinn þar sem hann þarf að standa við bakið á þér alla vaktina og hjálpa þér í öllum aðstæðum. Ef einstaklingur treystir ekki félagan sínum þá skapar það mikið álag og óöryggi á vakt.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem tala um gott traust til samstarfsfélaga finna minna fyrir álagi í starfi. Þessi stuðningur er oft mjög mikilvægur líka fyrir konur og aðra minnihlutahópa innan lögreglunnar þar sem hvítir lögreglukarlar hafa einkennt starfið frá byrjun. Það getur líka verið álag að finna út aðferðir til að takast á við allt álagið í vinnunni. Jákvæðar aðferðir eins og að nýta sér félagastuðning, viðrunarfundi og að ræða málin við t.d. sálfræðinga getur hjálpað lögreglumönnum mikið. Aðrir hafa valið sér neikvæðar aðferðir eins og að gleyma sér í áfengi, byrja að reykja tóbak eða einangra sig frá fjölskyldu og vinum. Þeir sem vinna ekki úr álaginu eru í mikilli hættu að missa metnaðinn í starfi, kulna eða jafnvel hætta í starfinu snemma (He, Zhao og Archbold, 2002). Kulnun er

alvarlegt langtíma neikvætt ástand hjá einstaklingi sem samanstendur af líkamlegri þreytu, tilfinningalegri örmögnun og vitsmunalegri stignun sem kemur fram vegna streitu tengdri vinnu. Einstaklingur fer í þrot, hefur enga orku, lítið frumkvæði og hefur neikvætt viðhorf til vinnunar (Virk, e.d.; Martinussen, Richardsen og Burke, 2007).

Lögreglustarfinu fylgir mikið álag og hafa rannsóknir sem skoða kulnun tengt lögregluna við það ásamt öðrum erfiðum störfum. Í rannsókn sem var gerð á 223 norskum lögreglumönnum kom fram að þeir streituvaldar sem tengdust kulnun í vinnunni tengdust samræmi einkalífs og vinnu og skorti á félagslegum stuðning frá samstarfsfólki og yfirmönnum (Martinussen, Richardsen og Burke, 2007). Lögreglumenn hafa ólíka persónuleika sem þeir taka með sér inn í starfið og sumir eiga auðveldara með að takast á við álag vinnunar. Karlar og konur innan lögreglunnar upplifa streituna ekki eins þar sem konur þurfa oft að takast á við áskoranir í starfi sem karlarnir finna minna fyrir. Það ríkir ennþá karlaveldi innan lögreglunnar þar sem þeir eru í miklum meirihluta í starfinu og upplifa konur oft kynferðislegt áreiti innan lögreglunnar sem eykur streituna. Sem lögreglukona þarftu því að reyna taka það ekki of nærri þér og standa með sjálfri þér. Þeir lögreglumenn sem eru með mjög gott sjálfstraust og hafa trú á eigin getu eru einnig mikið líklegri til að upplifa minna álag. Þeir sem sækja sér hjálp eftir erfið áföll og eru dugleg að tala um erfiðu atvikin í starfinu upplifa minni streitu (Anshel, 2000). Það er mikilvægt að skoða hvort álag hafi mismunandi áhrif á konur og karla.

He, Zhaeo og Archbold (2002) gerðu rannsókn í Bandaríkjunum um álag lögreglumanna og skoðuðu hvort það væri munur á lögreglukörlum og konum. Niðurstöður sýndu að lögreglukonur voru líklegri til að leita sér aðstoðar til að komast í gegnum erfið áföll í vinnunni heldur en karlarnir. Helmingur þeirra leituðu sér hjálpar í gegnum trú sína og með því að ræða áföllin við maka, ættingja eða vini en færri karlar gerðu það sem getur haft áhrif á langvarandi streitu. Niðurstöðurnar sýndu einnig að æði lögreglukonurnar og karlarnir fundu fyrir álagi tengt samræmi einkalífs og vinnu.

Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að húmor er oft notaður til að komast í gegnum erfið áföll hjá t.d. lögreglumönnum, slökkviliðsmönnum og öðrum sem vinna undir miklu álagi. Þá notar fólk húmorinn til að losa frá neikvæðar tilfinningar, streitu og til að komast yfir áfallið sjálft (Kauiper, 2012; Martin, 1999). Að grínast með alvarlega atburði er ein leið til þess að tjá tilfinningar sínar án þess þó að breyta ímyndinni á lögreglustarfinu. Það

hjálp til með að normalísera atburðinn með því að hugsa að þetta sé eðlilegur hluti af starfinu. Sumar rannsóknir hafa sýnt að lögreglumenn sem tjá ekki tilfinningar sínar geta fengið útrás sína í gegnum íþróttir eða hreyfingu en aðrir leita til í t.d. áfengi (Martin, 1999). Í rannsókn Finnborgar fjölluðu viðmælendur um að svarti húmorinn innan lögreglunnar á Íslandi væri mjög nauðsynlegur og hjálpaði til við að vinna úr áföllum í vinnunni (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2013). Húmor eða fyndni hefur alltaf verið hluti af tengingu fólks innann ákveðinna hópa eða stofnana samfélagsins. Ákveðinn húmor einkennir oft stofnanir eða vinnustaði og eiga því aðilar utan stofnunarinnar erfitt með að tengja við hann. Húmorinn getur verið auðveldlega misskillinn af öðrum sem tengja ekki við hann og verið jafnvel talin ósmekklegur eða siðlaus. Karlar innan lögreglunnar eiga það til að beina þessari fyndni að konum og oft á kynferðislegan hátt og hefur það verið gagnrýnt. Þrátt fyrir að húmorinn líti illa út fyrir utanaðkomandi þá hjálpar hann fólki sem vinnur undir miklu álagi (Garner, 1997).

Íslenskar rannsóknir sem hafa skoðað lögreglumeninguna segja að svartur húmor og annað grín einkenni samskipti lögreglumanna. Húmorinn er notaður sem úrræði til spennu og streitulosunar þegar lögreglumenn þurfa að takast á við erfið mál og verkefni á vakt. Það hafa vaknað spurningar um siðræn viðmið þar sem húmorinn getur verið kolsvartur. Í rannsókn sem gerð var um starfsmannapætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom fram að lögreglumenn og annað starfsfólk innan lögreglunnar þekkja húmorinn vel og voru sammála um að hann smitist á milli eininga. Þar var hins vegar lögð áhersla á að þetta væri innanhús húmor sem væri ekki notaður í samskiptum fólks fyrir utan stofnunina. Áhersla var lögð að á húmorinn væri ekki særandi fyrir samstarfsfólk vegna þess að hann tengist ekki persónulegum þáttum þess. Frekar er húmorinn notaður sem mikilvægt úrræði til þess að takast á við andlega krefjandi verkefni vinnunar. Mikil áhersla hefur verið lögð á innan lögreglunnar að auka aðgengi að úrræðum fyrir lögreglumenn sem upplifa erfiða hluti í vinnunni og bjóða þeim sálrænan stuðning eða svokallaðan félagastuðning að kostnaðarlausu.

Íslenskar rannsóknir sem hafa fjallað um menningu lögreglunnar hafa fjallað um svartan húmor með neikvæðum hætti þar sem hann þykir oft grófur og lýsir karlrembuviðhorfum. Lögreglan hefur þær væntingar að það breytist þegar að hlutfall lögreglukvenna hækkar og þeim fjölgar í stjórnendahópum. Það virðist vera ríkjandi

hugmynd innan lögreglunnar að grín sem er ekki beint að tiltekinni persónu geti ekki meitt, sært eða ógnað, en þá er hægt að spyrja sig hvort það sé alltaf tilfellið. Það fer eftir fólki og aðstæðum hverju sinni og hvort fólk túlki húmorinn sem léttan eða svartan húmor. Það eru tuttugu konur og fimm karlar af hverjum hundrað borgaralegu starfsfólki og lögreglumönnum sem hafa upplifað niðrandi tal og heyrt brandara sem þau kærðu sig ekki um og sá hópur getur upplifað húmorinn sem kynferðislegt áreiti. Það er á ábyrgð vinnuveitandans að passa upp á starfsfólkið sitt og hann þarf að bera ábyrgð og honum ber skylda til að tryggja heilsu og öryggi starfsfólksins. Það er því ekki hægt að segja að samstarfshópurinn megi bara ráða því hvernig húmorinn er innan vinnustaðarins (Kristín Hjálmarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

2.3.3 Þéttur og lokaður hópur

„Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og einkalíf og skulu bæði kyn njóta sömu möguleika til þess (jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar, 11. gr.)“

Fræðimenn sem hafa skoðað lögreglumeningu fjalla oft um svokallað „við og hinir“ og vitnar það í lögreglumenn og almenna borgara. Það verður ákveðið bræðralag á milli lögreglumanna þar sem þeir þurfa að vernda hvorn annan í hættulegum aðstæðum. Þeir sjá heiminn með öðruvísi augum en aðrir í samfélaginu og tengjast almennum borgurum ekki jafn vel (Workman-Stark, 2017). Lögreglumenn hafa fjallað um að þeir vilji ekki tala um það opinberlega að þeir séu í lögreglunni þar sem viðmótið frá almenningi getur verið neikvætt. Lögreglan er þéttur og lokaður hópur sem eyðir miklum tíma saman og getur farið að sjá aðra einstaklinga í samfélaginu sem utanaðkomandi. Það getur verið hættulegt fyrir þá lögreglumenn sem færast upp í stjórnunarstöðu eða jafnvel hætta starfinu því þeir geta orðið einangraðir í samfélaginu. Félagsleg einagrun kemur oft upp þegar fjallað er um einkenni lögreglumeningar þar sem lögregluhópar eru mjög þéttir og eyða öllum sínum stundum saman, innan jafnt sem utan vinnu. Samkvæmt Skolnick horfir

lögreflufólk á aðra í samfélaginu með grunsemdaraugum þar sem mikil hætta fylgir starfinu og þurfa lögreglumenn ávallt að vera viðbúnir. Lögreglan stimplar ákveðna hópá eða einstaklinga í samfélaginu sem þeir telja að séu líklegir til að brjóta af sér og gæti það verið varasamt ef lögregluhópurinn er of einsleitur (Brough, Chataway og Biggs, 2016; Dunham og Alpert, 2015). Lögreglumenn átta sig fljótt á því að best sé að reyna að falla í hópinn og fara að hegða sér eins og hinir sem getur myndað „við gegn hinum“ viðhorfið.

Skolnick fjallaði um að hætta í starfinu væri einn mikilvægasti þátturinn í vinnupersónuleika lögreglunnar. Lögreglumenn líta á starfið sitt sem mjög hættulegt og hefur það áhrif á það á hvernig þeir sjá heiminn. Með því getur lögreglan horft á ákveðna borgara samfélagsins sem hættulega og þar geta minnihlutahópar oft orðið fyrir áreiti til að mynda einstaklingar af öðrum uppruna en þeir sjálfir (Dunham og Alpert, 2015). Áhætta í vinnunni dregur því lögreglumenn ekki aðeins saman heldur fjarlægir þá frá öðrum í samfélaginu. Það er því spurning hvort lögreglumeningin sé ákveðin skjöldur fyrir lögreglumenn sem verndar þá fyrir umhverfinu. Það getur verið hluti af vinnupersónuleika lögreglunnar að fela sig saman á bakvið menninguna.

Almennir borgarar samfélagsins horfa ekki á einstaka persónuleika lögreglumanna heldur sjá þeir sama persónuleikann þ.e. menn í einkennisbúningum. Einnig hefur verið fjallað um að þeir sem sækja um í lögreglunni séu með sérstakan persónuleika sem getur gert þá líka öðrum samstarfsfélögum. Lögreglumenn hafa sameiginleg viðmið og gildi innan starfsins og sömu aðferðir til að takast á við streitu. Vinnupersónuleikinn verður til vegna menningarinnar þar sem hún kennir lögreglumönnum á starfið (Twersky-Glasner, 2005). Lögreglan er sú eina sem skilur lögregluna og það dregur lögreglumenn saman. Þeir sem fara ekki eftir óskrifuðu reglunum innan lögreglunnar eiga í hættu að verða fyrir áreiti og einelti (Brough, Chataway og Biggs, 2016). Lögreglumenn velja oft að verja tíma fyrir utan vinnu með samstarfsfélögum þar sem vinnutíminn er eins. Lögreglumenn þurfa að treysta á hvorn annan í öllum aðstæðum sem þeir lenda í því þeir vilja vernda sig andlega og líkamlega frá hættunum í starfinu og frá álaginu. Oft er búist við því sama frá nýjum lögreglumönnum áður en þeir verða samþykktir inn í hópinn (Paoline, 2003). Það getur reynst erfitt að samræma fjölskyldulíf og vinnu og sérstaklega þar sem lögreglustarfið er vaktavinna og getur það skapað mikið álag ofan á vinnuna. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að erfiðleikar heima fyrir geta leitt til kulnunar í lögreglustarfinu (He,

Zhao og Archbold, 2002). Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist í hinum vestræna heimi á undanförunum áratugum en konur bera enn meginábyrgð á heimilinu og börnum. Það mætti því ætla að konur ættu erfiðara með að samræma einkalíf og vinnu þar sem það fylgir því auka álag.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að konur ná að viðhalda þessu jafnvægi nokkuð vel. Það eru ekki til sérstakar rannsóknir á Íslandi um við gegn hinum viðhorfið en fjallað hefur verið um það í stærra samhengi. Niðurstöður rannsóknar Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) sýndi að lögreglukonur eiga auðveldara með að samræma einkalíf og vinnu heldur en lögreglukarlar. Þetta hefur verið sett fram sem skýring á brottfalli kvenna í lögreglunni en þessi rannsókn sýndi að þær skýringar eru úreltar. Í rannsókn Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur (2016) sem nefnd var hér að ofan, fjölluðu karlar í lögreglunni um hvað lögreglan væri þéttur og lokaður hópur og margir töldu að fólk utan lögreglunnar skildi illa vinnumeninguna og húmorinn þeirra. Viðmælendur hennar töluðu um að vinnutíminn ætti stóran þátt í því að vinir þeirra væru að miklu leyti innan lögreglunnar þar sem lítill tími væri til að hitta aðra vini. Þeir töluðu um að það væri mikilvægt að eiga góða vini innan vinnunar þar sem þeir verða að geta treyst samstarfsfélögum sínum í erfiðum aðstæðum í vinnunni.

Rannsókn Brough, Chataway og Biggs (2016) sem skoðaði lögreglumeninguna á Nýja Sjálandi sýndi einnig fram á það að lögreglan sem önnur fjölskylda væri mjög stór hluti af menningunni. Þar nefndu viðmælendur að enginn utan lögreglunnar geti skilið menninguna þar sem þeir geta ekki sett sig í spor þeirra. Niðurstöður leiddu einnig í ljós mikilvægi þess að vernda félagá sína í öllum aðstæðum. Lögreglumennirnir upplifðu við gegn hinum viðhorfið þar sem mikil fjarlægð væri á milli þeirra og almennings. Upplifðu þeir skítkast frá öðrum og fóru ekki hátt með að vera lögreglumenn á opinberum stöðum. Rannsóknin sýndi einnig að við gegn hinum viðhorfið átti líka við á milli götulögreglumanna og yfirmanna.

Gerði John P. Clark (1965) fræga rannsókn um einangrun lögreglumanna frá samfélaginu og þar sem hann bar saman lögreglumeningu innan Bandaríkjana og Bretlands. Flestir lögreglumannanna fundu fyrir félagslegri einangrun og sögðu ástæðurnar vera m.a. vinnutímann, kröfurnar í vinnunni og að samfélagið sýndi þeim fjandsemi. Lögreglumennirnir í Bretlandi fundu þó meira fyrir fjandsemi almennings

heldur en þeir í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir að þetta sé gömul rannsókn þá hafa nýrri rannsóknir leitt í ljós að margir lögreglumenn upplifa oft félagslega einangrun frá samfélaginu. Paoline (2003) hefur rannsakað lögreglumeninguna m.a. í Bandaríkjunum og Bretlandi og fjallar um að menningin sé að breytast með samfélagslöggæslunni. Minni áhersla sé lögð á að starfið snúist eingöngu um hasar og spennu heldur snúist það um að tengjast samfélaginu betur. Samvinna lögreglunnar og almennings er mikilvæg og dregur það úr við gegn hinum viðhorfinu.

3 Aðferðakafli

Í þessum kafla verður fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar. Farið verður yfir framkvæmd hennar, rannsóknaraðferð, úrvinnslu gagna, siðferðileg álitamál og kosti og galla.

3.1 Framkvæmd rannsókna

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna upplifun lögreglumanna á lögreglumeningunni á Íslandi. Undirbúningurinn hófst í júlí 2018 þar sem rannsakandi mætti á fyrsta fund með leiðbeinandanum Helga Gunnlaugssyni og mótaðist þar hugmyndin. Í rannsókninni var notast við aðferðafræði eigindlegra rannsókna þar sem verið er að skoða upplifun og reynslu fólks. Fyrsta viðtalið var tekið í október 2018 og það síðasta í mars 2019 en nokkrir þátttakendur hættu við og því tóku viðtölin lengri tíma en búist var við upprunalega. Unnið var að rannsóknaráætlun og lestri fyrri rannsókna og fræðigreina. Eftir átta viðtöl taldi rannsakandi að það væri komin mettun en það er þegar að sömu frásagnir og endurtekningar koma fram hjá viðmælendum.

3.2 Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni verður notuð eigindleg rannsóknaraðferð til þess að afla gagna. Með því að nota eigindlegar rannsóknaraðferðir getur rannsakandinn kafað dýpra inn í reynslu einstaklinga. Getur þetta til að mynda átt við djúpvíðtöl við t.d. einstaklinga eða hópa, myndrýni, þátttökuathugun eða athugun án þátttöku. Þessi rannsóknaraðferð er notuð

til þess að rannsaka nýtt efni eða skilja flókin mál og er hún líka góð til þess að rannsaka efni sem er mjög viðkvæmt og persónulegt. Með eigindlegum aðferðum er ofast verið að skoða lítinn hóp af fólki en ekki stóran eins og í megindlegum rannsóknum. Tilgangurinn með þessari rannsóknaraðferð er að útskýra hegðun og skoðanir fólks og skilja þeirra upplifun. Það er verið að rannsaka hvað sé í gangi og af hverju það er í gangi. Það er hins vegar ekki nóg að rannsakandi geti tekið slík viðtöl heldur þarf hann að setja sig í spor þeirra sem hann rannsakar til þess að skilja hlutina betur með þeirra augum. Rannsakandi þarf að vera góður í því að hlusta og að túlka hvað viðmælendur hans segja. Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa einnig sína galla en það getur verið erfitt að endurtaka slíkar rannsóknir sem er oft talið mikilvægt til þess að geta sannað eða rekið niðurstöður. Það sem að rannsakandi telur að sé mikilvægt þýðir ekki að einhverjum öðrum finnist það en með þessari rannsóknaraðferð eru niðurstöðurnar hinsvegar staðfestar með öðrum hætti. Erfitt er að alhæfa um niðurstöður því þetta er persónuleg reynsla og lýsing hjá einstaklingum. Kostirnir eru þó að rannsakandi getur skýrt aðstæður viðmælanda betur með því að setja sig í spor hans og í þessum rannsóknum er mikill sveigjanleiki og lítil formfesta, þetta eru einstaklingar í sínu eðlilega umhverfi (Hennink, Hutter og Bailey, 2015; Graciela, 2015).

Viðtölin eru hálf stöðluð því er rannsakandi með spurningalista sem viðmið en leyfir þó þátttakendum að stjórna ferðinni. Markmiðið með hálf stöðluðum viðtölum er að ná meiri dýpt í viðtalið en gefa þátttakendum færi á því að tjá sig um sínar skoðanir með sínum orðum. Rannsakandi er með ákveðinn opinn ramma um hvað sé verið að fara fjalla um í rannsókninni en þátttakendur fá að stjórna ferðinni í viðtölunum (Esterberg, 2002). Þegar lögreglumening er rannsökuð er mikilvægt að fá innsýn í bæði starfið og menningu því það getur verið erfitt að vera utanaðkomandi þar sem lögreglan er mjög lokaður hópur. Rannsakandi valdi því þessa aðferð við rannsóknina.

3.3 Þátttakendur

Í rannsókninni voru tekin átta hálf opin viðtöl við einstaklinga á aldrinum rúmlega tvítugs til rúmlega sextugs. Til þess að fá leyfi til þess að taka þátt í rannsókninni þurfti einstaklingur að vera að vinna hjá lögreglunni eða hafa unnið þar en aldur og starfsaldur

skipti ekki máli. Rannsakandi reyndi að hafa hópinn fjölbreyttan og kynjahlutfallið nokkuð jafnt. Vinatengsl voru notuð til að fá fyrsta viðtalið en í kjölfar þess benti sá viðmælandi á annan lögreglumann. Snjóboltaúrtakið var notað fyrir nokkur viðtöl en gekk síðan erfiðlega þegar leið á ritgerðina. Þá notaði rannsakani kunningja- og vinatengsl sem gekk betur fyrir sig. Snjóboltaúrtakið var einnig ekki alltaf hentugt þar sem margir bentu á aðra á sömu lögreglustöð og því hætta á að hópurinn yrði of einsleitur. Með því að fá viðmælendur sem þekktu ekki hvorn annan varð hópurinn fjölbreyttari sem er jákvætt fyrir niðurstöður.

Hafði rannsakandi samband við marga lögreglumenn en þar sem þetta er fremur lokaður hópur voru nokkrir hverjir sem treystu sér ekki til þess að taka þátt í viðtali og hættu því við. Viðtölin fóru ýmist fram á vinnustöðum viðmælenda, Þjóðarbókhöfðunni og heima hjá rannsakanda. Eitt viðtal fór fram í gegnum myndasímtal á Facebook þar sem viðmælandinn bjó út á landi. Þátttakendur fengu blað með trúnaðaryfirlýsingu sem þeir skrifuðu undir fyrir rannsóknina og þar kom skýrt fram að þeir mættu hætta þátttöku án frekari útskýringa.

Hópurinn var fjölbreyttur og dreifni viðmælenda góð. Viðmælendurnir voru á aldrinum 25 til rúmlega 60 ára og höfðu allir mislangan starfsferil. Reyndi rannsakandi að hafa kynjahlutföllin tiltölulega jöfn en erfiðlega gekk að fá konur í rannsóknina og voru þær því þrjár á móti fimm körlum. Sjö af viðmælendunum störfuðu hjá lögreglunni en einn var hættur vegna aldurs. Um helmingur viðmælenda störfuðu á höfuðborgarsvæðinu og aðrir út á landi. Höfðu nokkrir starfað bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Allir viðmælendurnir voru í sambandi eða giftir en fimm af þeim áttu börn. Í byrjun viðtala voru viðmælendur beðnir um að segja stuttlega frá sjálfum sér líkt og um hjúskaparstöðu, hvað þau höfðu starfað lengi og hvort þau ættu börn. Þátttakendur voru spurðir út í viðhorf sitt gagnvart vinnustaðamenningunni og af hverju þeir sóttu um starfið. Var einnig beðið um viðhorf þeirra til starfsanda, samstarfsfélaga, álag í starfi, jafnréttismálin, samræmi einkalífs og vinnu og félagslega einangrun. Spurningarlistinn var hálfstaðlaður sem gaf viðmælendum tækifæri á að fjalla um efni út fyrir spurningarnar. Spurningar sem höfundur fór af stað með í þetta verkefni voru m.a. : Hvert er viðhorf lögreglumanna á vinnustaðamenninguna? Hversu vel eiga fyrri erlendar rannsóknir við um lögreglumeninguna á Íslandi? Á við gegn hinum viðhorfið við á Íslandi? Er félagsleg

einangrun algeng innan lögreglunnar? Hvaða sálrænu úrræði og stuðningur eru í boði? Hvers vegna er kynjahlutfallið jafnt í Lögregluskólanum en ekki í starfinu sjálfu?. Taka skal fram að spurningalistinn var hannaður út frá fræðilegu umfjölluninni og ofangreindum spurningum.

Ber að nefna að ekkert af þeim viðmælendum sem talað var við starfa á sama vinnustað og var þetta því fjölbreyttur hópur. Fengu allir þeir einstaklingar sem tóku þátt í rannsókn gervinafn til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að rekja upplýsingarnar til þeirra. Kemur það hvernig fram í hvaða hverfi eða sveitarfélagi þau starfa heldur kemur einungis fram hvort þau starfa á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi. Þetta er gert til þess að ekki sé hægt að rekja niðurstöður til viðmælenda.

3.4 Gagnasöfnun og úrvinnsla

Rannsakandi tók hálfstöðluð opin viðtöl við átta viðmælendur sem allir eru eða voru að starfa hjá lögreglunni. Upptaka viðtalana fór fram í gegnum farsíma og voru viðtölin síðan afrituð. Þar sem viðmælendur fá tækifæri til að koma inn á ýmsa þætti var þemagreining notuð í lokin til að útlista mikilvægustu atriðin. Með þemagreiningu er hægt að sjá hvað viðmælendurnir voru helst að leggja áherslu á og þar að lokum var hægt að setja upp hugtök. Viðtölin tóku að meðaltali um 60 mínútur og voru þau tekin upp á vinnustöðum, þjóðarþóknunni, heima hjá rannsakanda og eitt fór fram í gegnum tölvu. Í upphafi viðtals skrifuðu viðmælendur undir trúnaðaryfirlýsingu (sjá viðauki 1) þar sem fram kom að ekki væri hægt að rekja upplýsingarnar sem komu fram í viðtalinu aftur til þeirra. Allir viðmælendur fengu gervinöfn og komu því engin raunveruleg nöfn fram í rannsókninni. Afritun viðtalana verður síðan eytt eftir að rannsókn lýkur.

3.5 Siðferðileg álitamál

Ef rannsókn á að standa undir nafni þarf hún að uppfylla ákveðnar siðferðilegar kröfur því það er rangt að valda einstaklingum þjáningu eða mismuna þeim á ósanngjarnan hátt. Það þarf að bera virðingu fyrir einstaklinginum og sjálfræði hans og þarf því að fá samþykki allra þátttakenda fyrir rannsóknina. Rannsakandinn þarf að sjá til þess að val

Þátttakandans sé óþvingað og frjálst og að hann viti að hann megi hafna þátttöku eða hætta þátttöku hvenær sem er í rannsókninni. Rannsakandi þarf að forðast það að valda öðrum skaða og að engin ónauðsynleg áhætta sé fyrir þátttakendur. Þó svo að eigindlegar rannsóknir feli ekki í sér áhættu eða meðferðarprófanir eru þær ekki alltaf hættulausar og því mikilvægt að fá upplýst samþykki frá þátttakendum. Djúpvíðtöl líkt og höfundur notast við geta komið af stað tilfinningalegu róti og þess vegna þarf því að gæta þess að viðtalinu sé haldið utan áhættusvæða (Sigurður Kristinsson, 2013). Í upphafi viðtala afhenti rannsakandi hverjum viðmælanda samþykkis- og trúnaðaryfirlýsingu sem var undirrituð af bæði rannsakanda og þátttakanda. Þar kom fram að farið væri með öll gögn sem trúnaðarupplýsingar og að þátttakendur verða ekki nafngreindir heldur fá þeir gervinöfn. Það kom einnig fram að þátttakendum sé frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem á ferlinu stendur. Þeir viðmælendur sem bjuggu úti á landi fengu yfirlýsinguna senda til sín fyrir rannsókn og fékk rannsakandi munnlegt samþykki. Rannsakandi ræddi einnig við hvern og einn um að öllum persónuupplýsingum yrði breytt þannig að ekki væri hægt að rekja upplýsingarnar til þeirra. Nokkrir viðmælendur vildu ekki svara einstökum spurningum þar sem þeir þekktu ekki nógu vel til eða töldu að frásagnir þeirra gætu komið þeim í vandræði í vinnunni.

3.6 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar

Eigindlegar rannsóknir gefa ákveðnar hugmyndir af því sem verið er að rannsaka en erfitt er að alhæfa niðurstöður þar sem viðmælendurnir eru fáir. Þrátt fyrir að ómögulegt sé að yfirfæra þessa rannsókn yfir á alla lögreglumenn landsins þá getur hún gefið okkur ákveðna hugmynd um stöðu mála. Getur verið erfitt að bera saman niðurstöður frá ólíkum löndum þar sem niðurstöður þeirra geta verið í ósamræmi eða stangast á við íslenskan raunveruleika. Þer að nefna að kynjahlutfallið í rannsókninni var ekki jafnt sem gæti haft áhrif á niðurstöður. Styrkleikur rannsóknarinnar eru að lögreglumening hefur lítið verið rannsakað til muna á Íslandi þar sem megináhersla er oft lagt á afbrotamenn. Mening lögreglunnar hefur breyst mikið á milli ára og því mikilvægt að skoða hvaða áhrif þessar breytingar hafa. Lögreglan er lokaður og þéttur hópur sem gerir menninguna einstaka og áhugaverða.

4 Niðurstöður

Í rannsókninni var verið að líta á upplifun lögreglumanna á vinnustaðamenningunni. Rannsakandi leitaði eftir því að fá dýpri innsýn í þeirra starf og hvernig lögreglumenn upplifa sig og umhverfið í starfinu. Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum úr viðtölum lögreglumannanna. Kaflanum er skipt í fimm þemu og þrettán undirkafla. Í fyrsta þemanu er fjallað um hvata og ánægju lögreglumannanna í starfinu þar sem þeir voru m.a. spurðir um líðan í starfi og hvers vegna þeir sóttu um þá stöðu. Í öðru þemanu voru viðhorf lögreglumanna til lögreglumeningarinnar skoðuð og einnig er fjallað um persónueinkenni lögreglumanna og lögreglustarfið sem lífsstíl. Þriðja þemað fjallar um álag og öryggi í starfi þar sem viðmælendur voru spurðir út í álag, öryggismál, úrræði og um svartan húmor. Karlar og konur í lögreglunni voru fjórða þemað þar sem fjallað er um íhaldssemi, hlutverk kynjanna, brotthvarf kvenna og einelti og kynferðislega áreitni. Í fimmta og síðasta þemanu er fjallað um samræmi einkalífs og vinnu og um viðhorf samfélagsins til lögreglunnar. Taka skal fram að svör sem koma fram við spurningum rannsakanda eru upplifun viðmælandanna og því ekki hægt að segja til um hvort ummæli þeirra eigi við rök að styðjast.

4.1 Hvati og ánægja í starfi

Voru allir viðmælendurnir voru sammála um að starfið veitti þeim ánægju og að oftast væri gaman að mæta í vinnuna. Sex viðmælendur lýstu því að þeir hefðu dottið inn í starfið fyrir tilviljun en Ívar lýsti því svona :

„Bara gott grín [...] já.. þvert á móti útpælt og stundum sagt að mig langi ekki að vera löggætti en hér er ég ennþá en nei nei [...] þetta er frábært starf og ég er rosalega ánægður með þá ákvörðun sem ég tók sko, en mig dreymdi aldrei um að vera í löggætti“

Að gefa af sér til samfélagsins og að hjálpa öðru fólki voru einnig helstu ástæður þess að viðmælendurnir sóttu um starfið. Lögreglumönnum líður oft almennt vel í starfi því þeim finnst þeir vera að bæta úr samfélaginu (Paoline, 2003: Workman-Stark, 2017). Staðalímynd starfsins gefur oft upp ranga ímynd af starfinu þar sem fólk heldur að

lögreglustarfið snúist einungis um að berjast við glæpamenn. Rósa lýsti þessu svona þegar hún byrjaði í lögreglunni :

„Þegar ég byrjaði hélt ég að þetta yrðu bara slagsmál alveg út í gegn sko, en maður fer mjög sjaldan í slagsmál, maður leysir yfirleitt allt bara með mannlegum samskiptum.. það eru þessar staðalímyndir af löggunni að vera í átökum [...] en ég meina jújú það eru alveg slagsmál en þetta snýst aðallega um að hjálpa fólki og tala við það og finna lausn á vandamálunum.“

Arnór tók undir þetta og sagði að lögreglumenn átti sig fljótt á því að þetta er ekki eins og í kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum. Sagði hann að það kæmi inn mikið af fólki í lögregluna sem hefur fyrirfram ákveðna hugmynd um starfið og margir halda að þetta sé hasar alla vaktina og verða þeir því jafnvel fyrir vonbrigðum. Arnóri fannst þessar röngu hugmyndir um starfið hafa aukist með árunum og þá sérstaklega eftir að náminu var breytt. Þrír viðmælendur tóku það fram að þegar þeir byrjuðu í lögreglustarfinu að markmiðið hafi verið að bjarga heiminum. Rósa sagðist hafa verið blaut á bakvið eyrun og ætlað sér að bjarga öllum til að mynda fíklum en hafi áttað sig fljótt á því að staðan væri ekki þannig.

Allir viðmælendurnir áttu gott samband við samstarfsfélaga sína og lýstu góðum starfsanda. Flestir nefndu að lögreglan væri eins og önnur fjölskylda því nándin er svo mikil. Arnór sagði frá því :

„Erum mjög nán og við erum disfunctional family sko [...] við erum öll ógeðslega skrytín og furðuleg en samt erum við svona familía samt sem áður [...] önnur fjölskylda og það gerist rosalega oft ef þú ert í vaktavinnu [...] lengi saman og tala nú ekki um eins í lögreglunni við furðulegar og óeðlilegar aðstæður, hafa myndast mjög sterk bönd.“

Allir lögreglumennirnir voru ánægðir með yfirmenn sína en tveir lýstu slæmum yfirmönnum sem voru hættir í starfi. Arnór talaði um að gamall yfirmaður sinn hafi verið kaldur og lokaður og ekki hægt að tengjast honum. Hann nefndi einnig að honum gæti fundist einn yfirmaður frábær en öðrum samstarfsfélögum ekki. Nokkrir nefndu að þeir hafi verið heppnir með yfirmenn á miðað við sögur sem hafa heyrst og Inga lýsti sínu sambandi svona :

„Mér finnst ég geta talað um allt við varðstjóran minn og er ekkert hrædd við það [...] já hef líka verið heppinn með yfirmenn og ég er líka óhrædd að

tala við þá um allt sem er gott [...] á litlum vinnustöðum er mikilvægt að hafa góð samskipti við yfirmenn.”

Þó svo að viðmælendur væru almennt ánægðir með yfirmenn sína þá lýstu þeir því samt að mál sem koma upp á milli samstarfsmanna líkt og einelti eða áreiti, að þá sé lítið gert í því. Út frá svörum viðmælandana er því hægt að segja að þeir virðast flestir ánægðir í starfi og tala yfirhöfuð jákvætt um samstarfsfélaganna og yfirmenn. Sævar sem var hættur hjá lögreglunni sagði að hann saknaði félaganna mest og erfitt væri að umgangast þá ekki daglega. Starfsandinn virðist því vera mjög góður á þessum lögreglustöðvum landsins og flestir með mjög gott samband við sína yfirmenn.

4.2 Viðhorf til lögreglumeningarinnar

4.2.1 Lögreglumeningin jákvæð

Eins og fram hefur komið er umræðan um lögreglumeningu mjög oft neikvæð og hefur verið tengd við t.d. íhaldssemi, karlmennsku og félagslega einangrun (Waddington, 1999: Paoline, 2003). Þegar farið er í gegnum heimildir um lögreglumeningu er mikið erfiðara að finna jákvæða umræðu um menninguna. Getur þó menningin hjálpað lögreglumönnum að skilja starfið sitt betur og hjálpar þeim að leysa vandamál og vinna úr álagi (Paoline, 2003: Workman-Stark, 2017). Fimm lögreglumenn upplifðu lögreglumeninguna mjög jákvæða og höfðu ekkert neikvætt að segja um hana. Þeir lögreglumenn skilgreindu vinnustaðamenninguna út frá góðum starfsanda og töluðu um hvað hópurinn er þéttur og náin. Rósa lýsti menningunni á jákvæðan hátt þar sem það er góður mórall á vakt og góð samvinna á milli félaga. Arnór sagði einnig að menningin væri jákvæð en að hún væri samt súr og svört en að það væri hluti af starfinu. Hann sagði að lögreglumenn hafa lent illa í menningunni og hafa ekki höndlað hana en að hann væri ekki einn af þeim. Inga lýsti menningunni svona :

„Held það sé jákvætt [...] það er alveg lögreglumening og ég meina þetta er lítill hópur og þekkja allir alla og þegar við hittumst tölum við um löggustuff og svona [...] þetta er svona eins og á öllum vinnustöðum og verður ákveðin menning, sömu áhugamál, held það sé bara jákvætt[...] en maður hefur alveg heyrt neikvætt, en er það ekki bara á öllum vinnustöðum.”

Tinna var sammála þessu en sagði að það sé mikil dómharka og að oft væri þetta frekar neikvæð stétt. Þrír viðmælendur horfðu á menninguna sem bæði jákvæða og neikvæða. Friðriki fannst menningin jákvæð og nefndi að ef einstaklingur er forvitinn þá veit hann meira en allir aðrir. Honum fannst neikvætt hvað þetta starf tekur á og að erfitt sé að koma heim til fjölskyldunnar eftir erfið mál og geta ekki rætt þau. Friðrik hefur unnið nokkur störf innan lögreglunnar og honum fannst ekki vera menningarmunur á milli deilda eða starfa innan lögreglunnar. Sævar sagði menninguna hafa verið jákvæðari áður en valfrjálsa vaktakerfið byrjaði þar sem hópurinn var nánari þá og allir á vöktum með sömu félögunum. Ívar lýsti því að lögreglumeningin sé í sjálfu sér ekki neikvæð en að mörg birtingarform hennar væru neikvæð. Hann sagði lögreglumenn vera trega í taumi og erfiðan hóp en að svoleiðis ættu hlutirnir að vera. Hann hélt svo áfram :

„Lögreglan er bara mjög gömul stofnun þannig það er mjög eðlilegt að hún sé íhöldssöm og að starfsmennirnir séu íhaldssamir [...] en að sama skapi hefur það líka verið þannig að lögreglan breytist mjög hægt útaf þessu [...] og þá er oft mikil mótstaða við breytingar, en stundum eru breytingarnar virkilega mikil þörf...”

Líkt og viðmælendur nefndu verður þessi menning til út frá hópnum í starfinu og á hann það til að vera mjög einsleitur sem getur verið hættulegt. Nokkrir viðmælendur nefndu að það væri mikilvægt að lögreglan endurspegli samfélagið og að samfélagið væri mjög fjölbreytt. Ívar nefndi að lögreglumenn ættu ekki allir að vera hvítir og rauðbirknir heldur ættu þeir að vera eins fjölbreytileg og þjóðin sjálf. Það getur hins vegar ekki hver sem er unnið í lögreglunni þar sem lögreglumenn þurfa að standast ákveðin próf í íslensku og þreki. Í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) kom fram að mikil áhersla er lögð á íslensku sem útilokar innflytjendur sem hafa ekki full tók á tungumálinu. Þegar viðmælendur voru spurðir hvort fólk af erlendum uppruna hefði sömu tækifæri og aðrir að komast inn í lögregluna vísuðu flest allir í tungumálið. Að það væri lyklatríði að fólk kynni íslensku annars ættu allir að hafa sömu möguleika inn í starfið. Nokkrir lýstu því að það væri t.d. frábært að hafa lögreglumann sem talaði pólsku þar sem margir Pólverjar búa hér á Íslandi og að það myndi auðvelda samskiptin. Flestir gátu þó talið lögreglumennina sem voru af erlendum uppruna sem sýnir að það eru kannski ekki margir af þeim innan lögreglunnar. Tveir viðmælendur kusu að tjá sig ekki um þetta þar sem þeir

þekktu ekki til. Fordómar gagnvart innflytjendum eða hælisleitendum eru oft áberandi í samfélaginu og kom það fram í viðtölum hjá tveimur lögreglumönnum. Að lögreglumenn stimpli þann hóp sem utangarðs og komi öðruvísi fram við þá en aðra í samfélaginu. Inga sagðist passa sig á þessu og sagði svo :

„Maður þarf að passa sig að vera ekki með ákveðna fordóma gagnvart hælisleitendum og fólki sem kemur annars staðar frá. Mér finnst eins og það séu tveir hópar sem koma til landsins [...] það eru fjölskyldur og flott fólk sem er bara að koma til þess að búa til betra líf.. en svo koma líka svartir sauðir og ungir strákar sem eru bara komnir til að stela [...] maður er endalaust með þá í höndunum en maður verður að passa að dæma ekki alla eins [...] eins og oh helvítis hælisleitendur.“

Samfélagið setur traust sitt á lögregluna og því er mikilvægt að lögreglan endurgjaldi það traust sem henni er sýnt með því að ástunda heiðarleg vinnubrögð. Viðmælendur sögðu þagnarskylduna vera einn mikilvægasta part starfsins og sögðu siðferði lögreglunnar vera sterkt. Lögreglumönnum ber skylda til að fara ekki með neitt út fyrir vinnuna en þeir mega ræða málin á milli sín sem er mikilvægt til að létta af. Nokkrir viðmælendur sögðu að ef þeir yrðu vitni að félagi sínum brjóta siðferðislög eða þagnarskyldu þá myndu þeir líklega tala við félagann áður en þeir tilkynntu atvikið til yfirmanns. Ívar sagði þagnarskylduna vera eitt af grundvallargildunum og ef lögreglumenn færu ekki eftir henni yrðu þeir ekki langlífir í starfi. Arnór sagði þagnarskylduna skipta miklu máli en sagði svo :

„Hvað ætlaðu að gera við allan skítinn sem þú kemur með heim [...] konan mín er þar og sem betur fer hefur hún áhuga á því að hlusta á mig enþá sko, þannig að já ég þarf að viðurkenna að ég er ekki að halda þagnarskyldunni [...] er ekkert að segja henni smáatriði eða persónulegar upplýsingar um einhvern sko.. það verður að vera þessi losun sko [...] annars endum við á því að drepa okkur eins og því miður við gerum töluvert oft sko.“

Það var engin munur á viðhorfi til menningarinnar frá lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu og utan af landi. Þrátt fyrir að flestir viðmælendur lýstu menningunni sem mjög jákvæðri þá töluðu þeir samt t.d. um íhaldssemi og félagslega einangrun en virtust ekki tengja það við menningu starfsins eins og fræðimenn hafa gert. Ívar sagði að lögreglan sem hópur væri ekki utanaðkomandi vænn og að hann væri lokaður og einangraður og það sé líklega ástæðan fyrir því að aðrir utan lögreglunnar

horfa á menninguna neikvæða. Nokkrir af viðmælendunum sem höfðu unnið á milli ólíkra stöðva eða starfsstiga höfðu misjafnar skoðanir á því hvort menningin væri ólík á milli staða. Arnór lýsti því að það væri ólík menning á milli stöðva. Hann sagði vinnuna sína vera mjög þægilega og allir rólegir. Hann sagði að miðborgin væri aðalstaðurinn í augum margra og sagði :

„Ef þú ert alvöru nagli þá viltu vera þar sko [...] í skítnum sko og í action að vera slást allar helgar og það er mælikvarðinn á góðum lögreglumanni [...] hvað þú varst að slást mikið um helgina og eitthvað svona og þeir eru margir stútfullir af sjálfum sér þarna [...] en hverjum þykir sinn fugl fagur.”

Friðrik sem hefur unnið nokkur störf innan lögreglunnar sagði að hann hefði ekki upplifað ólíka menningu á milli starfa en gæti trúað því að það væri að breytast þar sem lögreglumenn eru í öðrum embættum. Nokkrir viðmælendur lýstu því að það væru stundum fordómar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gagnvart lögreglunni út á landi. Að þeir sem vinna út á landi séu ekki að vinna raunverulegt lögreglustarf og Rósa sagði að það væri ekki eins flott að vera utan af landi því að „í Reykjavík er action”. Inga upplifði þetta líka og sagði þetta vera ólíkar vinnur en að málunum sé fylgt betur eftir úti á landi. Að það sé meiri eftirfylgni og sagði svo :

„Þetta á ekki rétt á sér [...] þetta böggar mig svolítið og ég svara þessu bara og segi bara æ láttu ekki svona og þau kannski sjá ekki að þau eru að gera lítið úr manni en þú ert bara sveitalögga [...] eða að þú sért með miklu minni reynslu en sá sem vinnur í bænum og ég bara nei það er ekki hægt að segja það [...] þannig já það er smá rígurog þau í bænum halda stundum að þau séu bara the people sko [...] bara vitlaust að gera og maður er bara já.”

Tveir viðmælendur sem starfa í Reykjavík sögðu að einn lögreglumaður væri að taka jafn mikið af málum á ári eins og eitt lítið bæjarfélag. Ívar sagðist verða var við að lögreglan utan af landi talaði um að það sé einungis verið að einblína á borgina og að þeir séu einir. Hann sagði að þetta væri allt saman rétt en útköllin væru allt öðruvísi á höfuðborgarsvæðinu en út á landi.

4.2.2 Persónueinkenni lögreglumanna

Lögreglumenn hafa ólíka persónuleika sem þeir taka með sér inn í starfið og er það því persónubundið hvernig einstaklingar aðlagast starfinu. Karlar og konur upplifa hlutina líka öðruvísi þar sem konur þurfa að takast á við allskonar áskoranir í starfi sem karlar finna lítið fyrir. Fjallað hefur verið um að þeir sem sækja um lögregluna séu oft með svipaðan persónuleika sem gerir þá líka öðrum samstarfsfélögum (Anshel, 2000; Twersky-Glasner, 2005). Nokkrir viðmælendur töluðu um að það þurfi að vera sérstakur einstaklingur til þess að haldast í lögreglustarfinu. Ívar nefndi að það væri oft hluti af vandamálum innan lögreglunnar þar sem þeir sem eru öðruvísi gætu átt erfitt uppdráttar og að of einsleitir hópar gætu verið hættulegir. Honum fannst þetta fara batnandi með árunum og fjölbreytileikinn orðin meiri í dag en áður fyrr. Friðrik nefndi að það væru alls ekki allir sem myndu þola það að vera í lögreglunni. Rósa og Inga voru sammála um það að stelpur þyrftu að vera með ákveðinn persónuleika til að vera í starfinu. Rósa sagði að það væri mikilvægt að vera góður undir pressu og vilja hafa mikið að gera í kringum sig til að endast í starfinu. Hún lýsti einnig staðalímynd starfsins og sagði það vera áberandi að sumar stelpur hafi komið inn í starfið til að vera fínar í búning og sagði svo :

„Stelpur stundum vilja ekki vera í vesti því lyktin er svo vond af því og þú átt þá ekkert heima hérna sko [...] er ekkert fyrir alla og ég sé engan tilgang í að fara breyta reglum á klæðnaði og öðru, þetta má bara alveg vera svona [...] löggan er bara svona og svona eru reglurnar. Mér finnst ekkert að ég megi vera með hringa eða neglur í vinnunni [...] mér er alveg sama sko.”

Inga var sammála þessu og lýsti því að lögreglukonur þurfi að vera náttúrulegar í starfinu annars er ekki tekið mark á þeim í erfiðum aðstæðum vinnunar. Hún sagði að stelpur þyrftu að vera hálfgerð tröll og sagði svo :

„ Með stelpurnar, þær þurfa að vera ákveðnar týpur og mátt ekki vera mús [...] getur samt alveg verið algjör skvísa en líka algjör truckkur og mér finnst það vera þannig [...] þarft eiginlega að vera truckkur, þarft að vera ákveðin. Þetta er karlaveldi og þú þarft að láta í þér heyra og láta vita af þér án þess að vera dónalegur og frekur [...] þannig jú stelpur þurfa að vera ákveðnar týpur.”

Arnór nefndi að margir strákar sem byrja í löggunni upplifa pressu á að sýna fram á að þeir séu alvöru karlmenn og blása út bringuna til að líta út fyrir að vera sterkari. Hann lýsti

Því að það sé þroski sem kennir manni með tímanum að maður þarf ekki að sanna sig og að minnimáttarkenndin minnki með árunum. Það getur því líka verið pressa á karlana að standast kröfur. Karlar og konur í lögreglunni virðast þurfa að standast ákveðnar kröfur sem tengjast kvenleika og karlmennsku. Mannleg samskipti voru mjög áberandi í umræðunni um persónueinkenni lögreglumanna. Felix lýsti því að ef lögreglumaður sé ekki góður í mannlegum samskiptum þá geti hann ekki sinnt starfinu. Það þarf að kunna að tala við fólk og róa það niður í erfiðum aðstæðum en hann nefndi að sumir lögreglumenn eru í því að æsa fólk upp. Tinna tók undir og sagði mannleg samskipti vera stór partur af starfinu og mikilvægt að geta átt samskipti við fólk á eðlilegum grundvelli.

4.2.3 Lögreglan sem lífsstíll

Lögreglustarfinu hefur verið lýst sem ekki bara starfi heldur ákveðnum lífsstíl. Lögreglumenn hafa stærri hlutverk í samfélaginu heldur en að mæta í vinnuna. Ákveðnar hugmyndir eru um að alvöru verkefni lögreglunnar fell í sér að handsama glæpamenn og að minni verkefni skipti minna máli (Paoline, 2003; Brough, Chataway og Biggs, 2016). Það var áberandi í flestum viðtölunum að lögreglan er ekki bara starf heldur eru lögreglumenn alltaf í ákveðnu hlutverki. Inga lýsti því að hún sé alltaf í hlutverki þó svo að hún sé ekki í vinnunni og að þetta sé lífsstíll. Hún nefndi að ef hún fær til dæmis frítt sundkort í vinnunni þá er ætlast til að hún bregðist við ef eitthverjar aðstæður koma upp í sundlauginni þrátt fyrir að vera ekki á vakt. Hún sagði einnig að hún vilji ekki alltaf að fólk viti að hún sé lögga en segir að hún sé oftast kynnt þannig eins og þetta fylgi nafninu hennar. Inga lýsti fyrsta skóladeginum í Lögregluskólanum svona :

„Fyrsta daginn í lögregluskólanum þá sat ég þarna og tilbúin í þetta og þá segir kennarinn bara já núna eruð þið bara löggan [...] þótt þið séuð ekki í vinnunni þá eruð þið samt í hlutverkinu. Má ekki vera bara blindfull niðri bæ og maður fór alveg að passa sig þá. Ég upplifi á djamminu bara hvað má löggan bara gera þetta [...] það er líka hluti af menningunni.”

Lögreglumenn þurfa að forðast það að lenda í óviðeigandi aðstæðum þar sem þeir þurfa að vera góð fyrirmynd fyrir samfélagið. Þeir þurfa að passa sig í gleðskap og oft forðast lögreglumenn að fara inn á skemmtistaði. Friðrik lýsti því að fyrir honum væri þetta ekki beinlínis starf heldur frekar lífsstíll. Hann sagði að ástæðan fyrir því væri að það þarf að

kynnast fólki vel og treysta á það í öllum aðstæðum vinnunar og að lögreglan sé ein fjölskylda. Arnór lýsti því að þegar hann byrjaði í lögreglunni þá ætlaði hann sér að bjarga heiminum og leyfði vinnunni að taka mikið frá sér. Hann sagði að hann væri hættur að hugsa um vinnuna sem heilaga baráttu og að hann væri ekki lengur að berjast gegn glæpum. Hann sagðist vera að berjast við sjálfan sig að hugsa ekki um þetta sem lífstíl og sagði svo :

„Vinnan hefur tekið svo ofboðslega mikið frá mér að núna mögulega of seint er ég að rembast við að berjast gegn þessu sko [...] núna er þetta bara vinnan mín og ég er ekkert að taka þetta inn á mig [...] eða reyni það sko. Þetta er ekki einhver heilög barátta eða köllun eða einhvað, ég fæ pening fyrir að gera þetta [...] ég kem bara þegar ég á að vera vinna og reyni að gera þetta almennilega.”

Arnór lýsir þessu þannig að hann reynir að flýja þá staðreynd að starfið sé meira en bara það að mæta í vinnuna. Þeir eru ekki bara lögreglumenn á vakt heldur allan sólahringinn. Lögreglumenn eru komnir í ákveðna stöðu í samfélaginu og þurfa að haga sér eftir því hvort sem þeir eru í búning eða ekki.

4.2.4 Samantekt um lögreglumeninguna

Lögreglumennirnir upplifðu menninguna mjög jákvætt en nokkrir lýstu neikvæðum birtingarformum hennar sem tengdust oft þeim þemum sem fræðimenn hafa áður skrifað um. Viðhorfið var að fólk þarf að vera í lögreglunni til að skilja hana og að það sé eðlilegt að fólk utan hennar hafi meira neikvætt um hana að segja. Lögreglumenn virtust virða þagnarskylduna og töldu hana vera mikilvæga í starfinu. Nokkrir fjölluðu um að þeir fari fyrst til félaga áður en þeir tilkynna til yfirmanns ef atvik á gráu svæði koma upp. Ljóst var að sumir upplifa ólíka menningu á milli starfsstiga eða vinnustaða en aðrir gerðu það ekki og er því erfitt að segja til um það. Lögreglumenn eiga það til að vera einsleitur hópur og viðmælendur lýstu því að lögreglumenn þurfi að vera sérstakir einstaklingar til að haldast í starfinu. Lögreglustarfinu var oft lýst sem lífstíl eða sem stærra hlutverki en því að mæta í vinnuna.

4.3 Álag og öryggi í starfinu

4.3.1 Almennt álag í starfinu

Eins og fram hefur komið er lögreglustarfið eitt erfiðasta starf samfélagsins og fylgir því mikið álag. Lögreglumenn upplifa ýmsa alvarlega atburði sem valda áföllum og svo er það pappírsvinnan, að halda sér í góðu formi og að vinna yfirvinnu líka kröfur sem valda álagi (He, Zhao og Archbold, 2002; Ríkislögreglustjóri, 2008). Mismunandi er hvort lögreglumenn upplifa stjórnarsýslutengda eða verkefnatengda streitu en margir upplifa bæði. Í rannsókn frá ríkislögreglustjóranum (2011) sem kom fram hér að ofan mældust þrjár ástæður fyrir miðlungsstreitu lögreglumanna og var það þreyta, skortur á starfsfólki og lítill tími með fjölskyldu og vinum. Allir viðmælendurnir voru sammála um að það væri álag í starfinu en þeir upplifðu það ekki allir eins. Flestir lögreglumannanna lýstu mjög miklu álagi og þá bæði stjórnarsýslu- og verkefnatengdu álagi. Þrír viðmælendur lýstu miðlungs álagi og sögðu að það kæmi tími þar sem brjáláð er að gera og svo þar sem mjög lítið er að gera. Rósa sem vinnur utan höfuðborgarsvæðisins segir að fólk geri sér ekki grein fyrir því hvað álagið sé mikið. Að það sé mikil mannekla og fólk þurfi að vinna tvöfalt eða þrefalt. Hún tengdi því álagið ekki aðeins við verkefni vinnunnar heldur stjórnarsýsluna líka. Felix var á sama máli og fannst niðurskurðurinn í lögreglunni hafa haft mikil áhrif. Hann segir að þau séu með allt of mörg verkefni og allt of lítinn mannskap í að leysa þau. Hann sagði að verkefnatengda álagið væri jafn mikið og stjórnarsýslutengda álagið og sagði svo :

„Mér finnst að það mætti bara bæta í mannskapinn [...] erum að sinna svo gífurlega stóru samfélagi hérna og fjölbreyttum verkefnum og eitt mál getur tekið nokkra klukkutíma [...] einn bíll þá fastur í því og þá er bara einn bíll eftir á svæðinu og næsta aðstoð er kannski langt í burtu..“

Þeir viðmælendur sem starfa eða störfuðu út á landi töluðu um að það væru ekki jafn mörg verkefni á þeirra borði eins og á höfuðborgarsvæðinu en þegar að stór mál koma upp reynist það þeim erfitt. Tinna segir að þau séu ansi fámenn þegar stór mál koma upp út á landi og að það geti verið mikið álag. Friðrik sem vann áður úti á landi segir að það sé mikill munur á þar og í Reykjavík. Hérna á höfuðborgarsvæðinu ertu komin með aðstoð innan 20 mínútna í slysum og svo er farið í næsta verkefni en biðin út á landi getur verið

8 til 10 klukkustundir. Margir viðmælendur tengdu álagið við það að fara á vakt og vita ekki hvað tekur við en að það væri spennandi að sama skapi. Inga segir að álagið sé mikið þegar það er undirmönnun og sagði svo :

„Það er búið að vera svo lengi svona álag [...] mikið af verkefnum og það hefur bara ótrúlega mikil áhrif, maður finnur það á sjálfum sér skiluru [...] fólk er oftast veikt, ég finn það á sjálfri mér. Ég er líka meira þreytt heldur en ég var og ég fæ oftast migrenisköst og svona og ég tengi það bara við meira álag í starfi [...] það er meira að gera og það eru fleiri verkefni.“

Það var áberandi hjá viðmælendunum sem sinntu starfi sínu á höfuðborgarsvæðinu að það fylgir mikið álag þegar það þarf að forgangsraða verkefnum og útköllum eftir alvarleika. Rósa sem vinnur út á landi segir að þau hafi tíma til að klára verkefni sín og finnur hún til með þeim á höfuðborgarsvæðinu sem geta það ekki. Felix sagði að sín stöð þyrfti oft að forgangsraða eftir alvarleika og að fólk þurfi oft að bíða í langan tíma eftir aðstoð sem er alvarlegt. Friðrik sem hefur unnið lengi hjá lögreglunni sagði að þetta hafi farið versnandi eftir niðurskurðinn í hruninu árið 2008. Hann sagði svo :

„Í dag er forgangsraðað sem er slæmt [...] það eru bara ekki nógu margir til að sinna verkefnum. Það er til dæmis þannig í dag að álagið hjá þeim sem hér eru á vöktum [...] það bíða verkefni eftir þeim og kannski 2 til 3 verkefni sem bíða a meðan þau eru að sinna einu en það var aldrei til þegar ég var ungur maður á vakt [...] þá fékkstu alltaf nægan tíma til að klára þitt verkefni.“

Augljóst er að mikið álag fylgir starfinu og lýstu viðmælendurnir því allir. Tveir viðmælendur unnu á nokkuð rólegri stöð en sögðu bæði að álagið gæti orðið mikið inn á milli. Eins og rannsókn frá ríkislögreglustjóra (2011) sýndi þá upplifa lögreglumenn í dagvinnu mikið minna álag en þeir sem eru í vaktavinnu. Það var áberandi í viðtölunum að lögreglumenn sjá aðra færa sig í dagvinnu til að minnka álagið og tvær lögreglukonur sögðust vilja fara í dagvinnu þegar líður á starfið og þegar þær eignast börn. Felix lýsti vaktaálaginu svona :

„Við vinnum auðvitað mjög marga tíma í mánuði og þurfum að uppfylla 170 til 180 tíma sirka.. og það gerir alveg helvíti mikið af vöktum. Til að uppfylla vinnuskylduna erum við alveg 22 til 23 daga í mánuði að vinna og líka á

breytilegum vöktum og maður er kannski nætur og svo dagvakt [...] þetta er mikið af breytingum fyrir líkamann að hoppa svona yfir á milli vakta.”

Það var ekki mikill munur á álagi hjá viðmælendum á höfuðborgarsvæðinu og utan af landi. Manneklan virtist hafa jafn mikil áhrif á alla viðmælendur. Verkefnatengt álag var meira áberandi í umræðunni hjá lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu þar sem verkefnin eru svo mörg. Viðmælendur utan af landi töluðu um að verkefnin væru færri hjá þeim en að þau þurfa að fylgja málunum eftir. Felix nefndi að verkefnin séu öðruvísi á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi. Hann segir lögregluna úti á landi vera aðallega að sinna umferðarmálum en minna sé um alvarleg mál líkt og heimilisofbeldi og fíknilagabrot. Viðmælendurnir sem störfuðu úti á landi töluðu ekki um að það væri minna að gera hjá þeim en lýstu því samt að þau væru fegin að þurfa ekki að forgangsraða öllum málum.

Það getur einnig verið álag að finna aðferðir til þess að takast á við allt álagið en mikilvægt er fyrir lögreglumenn að finna sér jákvæðar leiðir til að lenda ekki í langvarandi streitu eða kulnun í starfi. Kulnun er alvarlegt langtíma neikvætt ástand hjá einstaklingi sem samanstendur af líkamlegri þreytu, tilfinningalegri örmögnun og vitsmunalegri stignun sem kemur fram vegna streitu tengdri vinnu (Virk, e.d. ; Martinussen, Richardsen og Burke, 2007). Nokkrir viðmælendur lýstu því að kulnun væri algeng innan lögreglunnar þar sem mikið álag og einangrun fylgir starfinu. Nokkrir töluðu um mikilvægi þess að færa sig á milli deilda og prufa einhvað nýtt til þess að festast ekki í því sama alla daga. Ívar sagði það vera mikilvægt að hreyfa sig til í starfi og fá nýjar áskoranir því annars sé mikil hætta á kulnun. Hann sagðist vera mjög hræddur við að lenda í kulnun í starfi og að það væri hans versti martröð. Sævar sagði ástæðuna fyrir kulnun vera aðallega hversu erfitt það væri að samræma fjölskyldulífi og vinnu. Friðrik sagði að kulnun væri viðurkennd og hélt svo áfram :

“Ég lenti í kulnun í starfi fyrir mörgum árum síðan og það var enga aðstoð að hafa þá og ég þurfti að eiga við það og vinna mig út úr því með aðstoð fjölskyldu minnar [...] en núna í dag þá er þetta viðurkennt miklu meira sem er mjög jákvætt [...] það er allt saman á réttri leið.”

Arnór sagðist ekki átta sig almennilega á hvað kulnun væri og sagði að hann myndi ekki hringja í yfirmann og segja að hann væri í kulnun. Hann sagði að það kæmu hins

vegar margir dagar sem hann hefur engan áhuga á að mæta í vinnuna en að hann reyni að mæta og gera eitthvað gagn. Lögreglumenn lifa oft styttra en aðrir úr öðrum stéttum og má tengja það við álag starfsins. Felix sagði að margir endist ekki á götunni og sagði svo:

„Enda eru margir eldri lögreglumenn bara búnir á sálinni sinni eftir starfsferilinn [...] ég veit um einn lögreglumann sem hætti sem henti lögreglubúningnum sínum og öllum prófskírteinum og sagði „Þessum kafla í lífi mínu er lokið“. Þess vegna er sagt að lífsaldur lögreglumanna sé ekkert það hár.”

4.3.2 Öryggi

Lögreglan gætir öryggis almennings og fer oft í hættulegar og erfiðar aðstæður til að leysa vandamál. Þessar aðstæður geta valdið óöryggi og streitu og því mikilvægt að skilgreina hlutverk og skyldur lögreglunnar vel (Guðmundur Guðjónsson, 2003; Ríkislögreglustjórnin, 2009). Almenn upplifðu allir viðmælendurnir öryggi í vinnunni þó svo að það hafi komið upp aðstæður sem hafa gert þá örugga. Flestir nefndu að óöryggið hafi verið sem mest fyrstu árin þar sem allir eru að reyna að sanna sig fyrir hinum. Aðalástæðurnar fyrir óöryggi voru mannekla, óundirbúnir félagar og stór og erfið mál. Felix nefndi að þau á stöðinni hans væru of fámenn með allt of stórt svæði og að það hefði áhrif á á öryggi. Sævar sagði að ástandið hafi verið slæmt eftir hrun þar sem margir hefðu verið settir einir á bíl og þá aðallega þeir sem voru reyndir. Hann sagðist ekki hafa verið öruggur að stíga inn í hvaða aðstæður sem er þar sem hann var einn á bíl en nefndi þó að allir hafi reynt að hjálpast að. Nokkrir viðmælendur töluðu um að það að hafa óreynda lögreglumenn með sér í bíl geti valdið álagi og óöryggi. Inga sagði að þá væri mikilvægt að ræða við þá félaga á leið inn í aðstæður til að vera viss um einstaklingurinn treysti sér. Hún sagði að félagar verði að treysta hvor öðrum og annað væri ekki í boði. Ef sú staða myndi koma upp að félagi þinn myndi ekki verja þig í aðstæðum þá yrði honum bent á það að hætta í lögreglunni. Felix tók undir þetta og sagði :

„Ef maður þekkir hann ekki nógu vel þá passar maður sig að ganga ekki of langt þá bakkar maður frekar skref tilbaka og bíður eftir frekari aðstoð [...] í staðinn fyrir að fara í eitthvað mál sem þú ræður kannski ekki við og geta svo ekki bakkað [...] þannig maður þarf að hugsa fram í tímann.”

Það eru líka erfið verkefni sem geta gert lögreglumenn óörugga og oft eru þeir að berjast við hættulega einstaklinga. Arnór lýsti mótmælunum á Austurvelli í hruninu og sagðist hafa upplifað sannarlegan ótta í vinnunni. Þá upplifði hann að lögreglan væri hugsanlega að fara tapa en svo þegar það gerðist ekki hafi það verið stórkostleg tilfinning og ekkert sem hefur toppað hana síðan. Þarna var hann verulega hræddur um líf sitt og öryggi eins og aðrir í þessum aðstæðum. Hann talaði líka um erfið mál þar sem hann hefur upplifað óöryggi fyrir utan vinnuna líka og lýsti því svona :

„Bæði í vinnunni og eftir vinnu sko [...] út af einhverju sem þú varst að gera í vinnunni og hérna til dæmis þetta hefur farið það langt að hausinn á mér var það ruglaður að þegar ég kom heim af vaktinni þá hafði ég byssuna mína mjög nálægt mér þegar ég svaf sko [...] algjörlega, eftir á hugsar maður að þetta var svolítið langt gengið sko [...] en þá leið mér þannig.“

Almennt þá upplifðu lögreglumenn öryggi í vinnunni sem er mjög jákvætt.

4.3.3 Úrræði og stuðningur

Lögreglumenn verða fyrir ýmsum áföllum í vinnunni og því mikilvægt að það séu úrræði í boði fyrir þá. Svokallaðir viðrunarfundir eru settir eftir mjög erfið og átakanleg mál þar sem lögreglumenn ræða saman um áfallið og vinna úr því. Einnig er í boði félagastuðningur og sérfræðipjónusta eins og að fara til sálfræðings. Þeir lögreglumenn sem nýta sér engin úrræði eiga á hættu á langvarandi streitu og jafnvel kulnun í starfi. Allir viðmælendurnir töluðu um úrræðin sem voru í boði en misjafnt var hvort allir hefðu nýtt sér þau. Flestir töluðu um félagastuðning, viðrunarfundi og sálfræðipjónustu en mörgum fannst mikilvægast að tala við félagasína á vakt. Tinna sem vinnur út á landi sagði að félagastuðningurinn væri til þar sem einhver aðili á stöðinni hefur tekið námskeið í því og hægt að leita til hans. Ívar sem vinnur á höfuðborgarsvæðinu sagði að félagastuðningurinn væri ekki virkur og sagði svo :

„Það skiptir máli að vera í kringum aðra því við getum talað saman um málin og stór hluti af þessum félagastuðning [...] þó hann sé ekki formgerður þá snýst hann um viðrun og stóru atriðin til að draga úr líkum á

áfallastreituröskun [...] en sum verkefni eru bara þannig að þau lifa með manni [...] það er bara þannig.”

Friðrik sagðist hafa sótt námskeið fyrir áfallahjálp en áttað sig á að þetta væri það sem félagarnir hafa gert fyrir hvorn annan í gegnum tíðina. Hann sagði að það væri erfitt að fá stuðning frá einhverjum sem er ekki í lögreglunni þar sem erfitt er að setja sig í spor lögreglumanna. Allir viðmælendurnir nefndu sálfræðiaðstoð en misjafnt var hvort allir hefðu nýtt sér hana. Viðmælendurnir voru bjartsýnir á að flestir lögreglumenn þekktu til úrræðanna en voru ekki vissir um að allir væru endilega að nýta sér þau. Það hefur orðið mikil vitundarvakning í samfélaginu þegar það kemur að því að leita sér hjálpar til t.d. sálfræðings og voru því viðmælendur á því að unga fólkið væri líklegra til að leita sér aðstoðar. Inga lýsti þessu svona :

„Gamlir menn í lögreglunni voru bara með svartasta húmor sem hefur heyrst af og fóru svo bara [...] þetta hrannast upp, þetta fyllist [...] ég hef alveg sótt mér sálfræðiaðstoð og ég hef alveg talað við einhvern [...] þetta safnast alveg upp og þó svo að þú sért ekki að lenda í áfalli eftir áfalli skilurðu, þetta bara safnast saman, gott að tæma öðru hvoru.“

Þrír karlkyns viðmælendur sem höfðu allir starfað lengi hjá lögreglunni lýstu því að þetta væri framfaraskref þar sem engin sálfræðiaðstoð var í boði áður fyrr. Ívar nefndi að það væri að sama skapi verið að formgera aðstoðina þar sem þeir sem þurfa mest á henni að halda séu þeir ólíklegustu til að sækja sér hana. Sævar sagði breytingarnar mjög jákvæðar svo lengi sem þær færu ekki út í öfgar. Hann sagði að yfirmenn verði að reyna sjá fram á það hvort að fólk þurfi á hjálpar að halda og er ekki að sækjast í hana og reyna þá í framhaldi að ýta viðkomandi í viðtal. Arnór var sammála þessu og sagði að margir ungir lögreglumenn séu óöruggir í fyrstu og vilja sýna hvað þeir eru harðir af sér. Hann sagði svo :

„Það er ekkert mál fyrir mig að viðurkenna fyrir fólki að bara vá mér líður bara drullu illa og ég ætla bara að fara til sálfræðings [...] ég held að þetta sé líka bara þroski hjá mér. Ég ákvað á einhverjum tímapunkti að það er í lagi að líða illa sko [...] þegar svona gamlir hundar eins og ég eru að tala um þetta við ungu krakkana, að láta strax vita á degi eitt bara þetta er ekkert mál [...] það er vonandi jákvætt.“

Þrátt fyrir þessar jákvæðu breytingar þá gerast þær ansi hægt og eru margir sem leita ekki til sálfræðings. Inga segir unga fólkið vera ófeimnara við að fara til sálfræðings og sagði að þetta ætti ekki að vera feimnismál. Hún sagði frá reynslu sinni af fyrsta sálfræðitímanum:

„Ég man þegar ég fór fyrst þá var hún einmitt að segja bara að það væri betra að mæta bara á réttum tíma í sálfræðitímann og ekki eitthvað fyrr því sumum gæti fundist erfitt að hitta kollega sína á biðstofunni og ég bara ha afhverju? mér finnst það frábært [...] ég skil ekki af hverju maður á að skammast sín fyrir þetta [...] mér finnst bara frábært að hitta einhvern og ég hvet fólki til að gera þetta [...] ég vona að fleiri fara að nýta sér þetta.”

Það er því ekki ennþá viðurkennt hjá öllum innan lögreglunnar að leita sér hjálpar en hlutirnir eru að mjakast í rétta átt. Það er því gott þegar yfirmenn hvetja starfsfólk sitt til að leita sér hjálpar eftir erfið mál þar sem margir líta upp til þeirra sem eru með meiri reynslu.

4.3.4 Svartur húmor mikilvægur

Rannsóknir hafa sýnt að húmor er oft notaður til að komast í gegnum erfið áföll í lögreglunni. Þá er húmorinn notaður til að losa frá neikvæðar tilfinningar, streitu og til að komast yfir áfallið sjálft (Kauiper, 2012; Martin, 1999). Húmorinn í lögreglunni er oftast kallaður svartur húmor þar sem þeir reyna að normalísera alvarlega atburði í vinnunni og grínast með þá sín á milli. Í fyrrnefndri rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) fjölluðu viðmælendur um að svarti húmorinn innan lögreglunnar á Íslandi væri mjög nauðsynlegur og hjálpaði til við að vinna úr áföllum í vinnunni. Allir viðmælendurnir í þessari rannsókn voru sammála um að svartur húmor sé mjög mikilvægur innan lögreglunnar og að hann sé jákvæður. Rósa sagði hann vera mikilvægan vegna þess að þú upplifir svo mikið og að hún geti ekki losað um spennuna heima hjá sér. Hún sagði að lögreglumenn þyrftu að vera kaldir fyrir atvikunum sem þeir lenda í og sagði svo :

„Eins og fólk heyrir um sjálfsvíg og verður bara HAA, en þetta er samt öðruvísi fyrir mér því þetta er partur af vinnunni minni [...] auðvitað er hræðilegt þegar fólk reynir eða fremur sjálfsvíg en maður verður að ná að kúpla sig út [...] þetta er bara vinnan mín og ég þarf að setja mig í ákveðið hlutverk áður en ég mæti

í aðstæðurnar [...] svartur húmor hjálpar mér í gegnum þetta, númer eitt tvö og þrjú.”

Margir viðmælendur nefndu að þeir sem geta ekki haft húmor fyrir þessu líka endistt ekki lengi í starfi. Svarti húmorinn hefur oft verið umdeildur og þótt siðlaus þar sem verið er að gera grín af alvarlegum slysum og öðru. Lögreglumönnum þykir hann ekki neikvæður og sjá hann sem spennulosun en passa sig að hlífa honum fyrir öðrum. Arnór lýsti þessu svona :

„Við segjum fíranlegustu hluti á andláts vettvangi þegar enginn heyrir sko af því að þetta eru þrúgandi aðstæður að vera með einhverjum í herbergi sem er dáinn [...] tala ekki um ef þetta er einhvað ógeðslegt sko að þá er það húmorinn sem er þessi spennuventill. Það er erfitt að útskýra þetta, þessi þörf minnkar með árunum [...] en já að gera grín af hlutunum er held ég bara must [...] er einhver spennulosun, notum þetta mjög mikið.”

Það voru misjafnar skoðanir á því hvort húmorinn hafi breyst með árunum. Friðriki fannst hann hafa breyst eftir að konum fjölgaði í lögreglunni og að hann sé ekki eins kolsvartur og áður. Arnór var ekki sammála og sagði hann ekki hafa breyst neitt en það getur verið breytilegt eftir vinnustöðum líka. Nokkrir töluðu um að hann væri í raun á gráu svæði og að utanaðkomandi ættu ekki að hlusta á þetta grín. Það var áberandi að þetta væri fyrir þá sem eru að vinna í lögreglunni og að aðeins lögreglan skilur þennan húmor.

4.3.5 Samantekt um álag og öryggi starfsins

Lögreglumennirnir upplifðu allir mikið álag og streitu en þó mismikið þar sem álagið er ekki eins á öllum vinnustöðunum. Mikil mannekla hefur áhrif á álagið þar sem lögreglumenn, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hafa ekki tíma til að sinna öllum verkefnum vinnunar. Þeir þurfa því að meta alvarleikann í hverju máli og forgangsraða. Flestir nefndu að þeir myndu færa sig yfir í dagvinnu úr þessu vaktaálagi á einhverjum tímamarki í starfinu. Úrræði og stuðningur er í boði fyrir lögreglumenn en viðmælendurnir notuðu það mismikið. Þeir voru bjartsýnir á að nýja kynslóðin nýti sér sálfræðiaðstoðina meira og að með tímanum hætti þetta að vera feimnismál. Kulnun virðist vera orðin viðurkennd innan starfsins og nokkrir hræddust það. Lögreglumennirnir

voru almennt mjög öruggir í starfi þó upp kæmu aðstæður sem gerðu þá óörugga. Svartur húmor er vinsælasta leiðin til að losa um streitu starfsins og voru allir viðmælendur sammála því.

4.4 Karlar og konur í lögreglunni

4.4.1 Karllægur heimur

Það hefur verið sérstaklega erfitt að skýra lögreglumeningu kynjanna en karlmennskan hefur verið algeng í þeirri umræðu. Rannsóknir hafa sýnt að ríkjandi karlmennska getur haft mikil áhrif á hegðun fólks innan stofnana og þá oftast á neikvæðan hátt. Ímynd starfsins er karllæg þar sem fólk sér fyrir sér spennu, hasar og líkamlegt erfiði. Það er hins vegar ekki raunveruleikinn þar sem lítill hluti starfsins reynir á líkamlegan styrk eins og þátttöku í slagsmálum (Barrie og Broomhall, 2012; Westmarland, 2008). Það hafa alltaf verið mikið fleiri karlmenn í lögreglunni heldur en konur en þeim hefur fjölgað á síðustu árum en þó hægt. Menningin í lögreglunni hefur því mótast á karllægan hátt þar sem aðeins karlar sinntu starfinu áður fyrr. Það getur tekið langan tíma að breyta menningu vinnustaðar. Rannsóknir hafa sýnt að karlmennskan er enn ríkjandi og mikil pressa sé á lögreglumönnum að vera harðir og konur hvattar til að sýna ekki mjúku hliðina (Brough, Chataway og Biggs, 2016). Flestir viðmælendurnir voru sammála um að það ríkti enn karlavelði í lögreglunni en að allt væri að mjakast í rétta átt varðandi kynjajafnrétti. Tinna lýsti jafnréttinu svona :

„Þau eru að mjakast í rétta átt myndi ég segja [...] það er auðvitað alltaf að aukast hlutur kvenna í stéttinni en á sama tíma kannski ekkert komið mjög langt miðað við hvaða ár er komið [...] þetta er íhaldssöm stétt og maður finnur það alveg að þetta er svona gamalt karlavelði [...] það er alveg og að mínu mati er ekki hægt að sleppa að nefna það.“

Rósa og Inga töluðu báðar um að konur þyrftu að sanna sig meira í starfi og vera harðar af sér. Rósa sagði að hún væri nagli og mjög þrjósk og því hefði karlavelðið ekki mikið á hana þar sem hún rífur kjaft til baka. Hún lýsti því að margar konur byrja í löggunni og vilja vera með slegið hár, langar neglur og hringa í vinnunni en að það sé bara ekki í boði í þessu starfi. Inga lýsti því að stelpurnar þurfa að vera trukkar og vera mjög ákveðnar til

að takast á við karlaveldið. Mikilvægt væri fyrir lögreglukonu að láta heyra í sér og vita af sér en án þess þó að vera dónalegur. Sævar sagði að á árum áður hafi þetta verið algjört karlasamfélag en sagði þetta hafa lagast mikið með árunum en væri að gerast of hægt. Friðrik var á sama máli og sagði :

“Mér finnst stelpurnar ekkert gefa strákunum eftir sko [...] ég hef ekki orðið var við það, frekar að þær séu frekari en hitt [...] mér finnst bara rosalega gaman að sjá þessa breytingu í lögreglunni. Áður fyrr var þetta karlremba alveg út í gegn sko en hérna það er mjög gaman að sjá þessa breytingu og að fá að lifa hana.”

Nokkrir viðmælendur sögðust vera bjartsýnir á að jafnrétti kynjanna verði betra með háskólanáminu á Akureyri. Ívar sagði að það væri hins vegar ekki nóg að auka hlutfall kvenna inn í lögregluna heldur þurfi að fara í stærri aðgerðir sem tækla breytingu á menningunni. Hann sagði að það væri ekki skýrt hverjar raunverulegu aðgerðirnar væru og fannst það vera eitt af vandmálum jafnréttis verkefnanna. Arnór sagði að jafnréttið væri gott á sinni stöð og að hann upplifi ekki misrétti gagnvart lögreglukonum. Hann segir karlana vera með sömu starfslýsingu og sama launataxta og sagði svo : „*en svo guð má vita af hverju það eru ekki fleiri yfirlögregluþjónar kvenkyns.. ég veit það ekki.. kannski eimir ennþá af helvítis gamla feðraveldinu.. ég veit það ekki.*”

4.4.2 Hlutverk karla og kvenna

Eins og kom fram hér að ofan upplifðu konurnar að lögreglan væri karlaveldi og að þær þyrftu því að sanna sig meira í starfi. Hlutverk kynjanna í lögreglunni hafa verið mismunandi í gegnum tíðina þar sem konum er oft ekki treyst í öll hlutverkin. Umræðan um að konur séu ekki líkamlega jafn sterkar og karlar er áberandi þegar fjallað er um hlutverk kynjanna. Í rannsókn Sahgal sýndu niðurstöður að lögreglukonur upplifa að karlarnir treysta þeim ekki fyrir öllum hlutverkum starfsins þar sem starfið væri líkamlega erfitt (Sahgal, 2007. Helmingur viðmælanda var sammála um að konur og karlar væru jafnhæf til að sinna sömu hlutverkum innan lögreglunnar. Lögreglukonurnar voru allar sammála um að konur væru jafnhæfar og karlar en tvær þeirra upplifa það ekki alltaf frá öðrum. Rósa segist ekki finna mikið fyrir því frá samstarfsfólki en að hún upplifir það oft frá samfélaginu og sagði :

„Fólk er bara bíddu eru tvær konur saman á bíl? má það? maður hefur oft heyrt það frá gömlum körlum líka bara já þú ert alveg sterk, þú getur þetta alveg þó þú sért svona lítil [...] maður fær alveg að heyra það. Ég hugsaði líka alltaf bara æ ég er lítil smástelpa sem getur ekki staðið í slagsmálum en svo breytist það [...] en ég held að margir treysti frekar tveimur körlum á bíl en konum.”

Ingu fannst karlar og konur jafnhæfar í starfi en var ósammála því að fá konur inn í sérsveitina og finnst henni það hlutverk karllægt. Hún sagði það vera mikilvægt að hafa bæði konur og karla í lögreglunni en að bæði kyn væru með eiginleika sem nýtast í starfi. Hún sagði konurnar eiga auðvelt með að tala við fólk og að þær séu oft með hlýrri nærveru en karlarnir. Inga hefur upplifað öðruvísi viðhorf frá samstarfsfélögum í gegnum árin þar sem konum er ekki treyst jafn mikið fyrir öllu eins og körlunum. Karlarnir eru oft að reyna að vernda stelpurnar frá átökum en Inga upplifir það oft sem vantraust. Inga lýsti einu atviki :

„Ég hef alveg lent í bara „já strákar svo farið þið bara með hann” afhverju ekki við stelpurnar? held að körlum finnst þeir stundum þurfa að passa upp á okkur. Þetta fer svo í mig, ég snöggpirrast [...] ég er alveg jafn hæf og allir aðrir þarna en núna ef einhvern nefnir þetta þá læt ég í mér heyra [...] ég þarf ekki að láta passa mig [...] ég kom ekki í þessa vinnu til að láta passa mig, bara alls ekki.”

Sævar og Arnór lýstu því báðir að konur séu verndaðar frá körlunum í starfinu. Sævar sagði að þær taki því misjafnlega vel en hélt að flestum konum þyki vænt um það. Að þær taki þessu flestar sem umhyggju frekar en að það væri verið að senda út þau skilaboð að þær væru aumingjar. Ívar og Felix upplifðu að konurnar væru ekkert síðri en karlarnir í starfinu og að flestar þeirra væru mjög sterkar og góðar. Ívar sagði að karlhlutverkin og kvenhlutverkin væru að verða ein móða í dag þar sem feðurnir bera jafn mikla ábyrgð á því að vera heima með veikum börnum. Líkamleg átök komu oft upp í umræðunni um hlutverk kynjanna hjá þremur karlkyns viðmælendum. Sævar sagði að konur væru nánast jafn hæfar og karlarnir en kannski ekki jafn hæfar í líkamlegum átökum. Hann sagði það geta verið einstaklingsbundið en að oftast væri þetta það sem aðgreinir þær frá körlunum.

Friðrik tók undir þetta og lýsti þessu svona þegar hann var spúður hvort konur og karlar væru jafnhæf :

„Nei, þá væri ég nú bara [...] það er bara líffræðilega ekki þannig en ég held að karlar og konur séu þannig að karlar geta verið hæfar á ákveðnum sviðum og eru að sjálfsögðu stærri og sterkari [...] en ég held að konur hafi svo margt annað sem að jafnvel vegur þyngra sko [...] þetta bætir hvort annað upp sko. Ég horfi á þetta mjög jákvætt, góð blanda.”

Arnór sagði að viðhorfið gagnvart konum væri enn í mínus þar sem þær eru líkamlega meira veikburða oftast nær. En hann sagði að þetta væri samt óþroskað viðhorf þar sem margar sterkar konur séu í lögreglunni. Hann benti einnig á það að hann hafði ekki slegist í tvö ár og ef lögreglumaðurinn er góður í mannlegum samskiptum þá ættu líkamlegir burðir ekki að skipta neinu máli. Lögreglukonurnar treystu sér og öðrum konum í öll hlutverk starfsins en karlarnir síður og styður það þær íslensku rannsóknir sem hafa verið gerðar. Það voru allir karlarnir sammála um að það mætti fjölga konum en nokkrir töldu þær vera hæfari í samskiptum heldur en líkamlegum átökum. Orðræðan í samfélaginu er sú að jafnréttið komi með næstu kynslóð og voru eldri lögreglumennirnir íhaldssamari en þeir sem voru yngri. Rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) sýndi hins vegar hið andstæða þar sem viðhorf yngri aldurshópanna var íhaldssamara en hjá þeim sem voru eldri. Viðmælendum fannst staða jafnréttis í lögreglunni hafa breyst mjög mikið og að það yrði betra með tímanum.

4.4.3 Brotthvarf kvenna

Lögregluskólinn er nú orðin að háskólanámi á Akureyri þar sem hver sem er getur sótt um námið án þess að hafa reynslu af starfinu. Fjölgun hefur verið á konum sem útskrifast úr Lögregluskólanum síðastliðinn 15 ár en hlutfall kvenna í lögreglunni er ekki að aukast í takt við það sem er áhyggjuefni. Ástæðan fyrir því getur verið mikið brottfall þeirra úr starfi eða að þær skili sér ekki inn í störf lögreglunnar að námi loknu. Upplýsingar um ósk um lausn frá embætti getur þó gefið þá vísbendingu að ástæðan sé brottfall kvenna úr starfinu.

Misjafnar skoðanir voru á því hvort viðmælendum fannst að fólk ætti að byrja fyrst að vinna áður en það hefur nám eða hvort námið fyrst sé hentugra. Eins og gerist oft með fólk í námi þá finnur það sig ekki og skiptir um nám. Nokkrir viðmælendur sögðu að þetta gæti spilað inn í brottfall úr lögreglunni en að stéttin sé mjög viðkvæm fyrir þessu þar sem dýrt er að þjálfa lögreglumenn. Flestir voru á því að mikilvægt væri að fólk fengi reynslu fyrst af vinnunni áður en það hefur nám í Lögregluskólanum en það stangast á við hugmyndina að skólakerfinu í dag. Nú getur fólk sótt um námið í Háskólanum á Akureyri án þess að hafa reynslu af starfinu en ekki eins og áður þegar fólk var valið úr starfinu inn í skólann. Ívar lýsti sínu viðhorfi :

„Ég held að eitt af raunverulegu vandamálunum sé að við erum sífelld að leggja í þjálfun [...] mjög dýra þjálfun á fólki sem er síðan tekið frá okkur yfir í stéttir sem borga betur með meiri vinnuskyldu [...] við höfum verið að missa mikið af ungum konum yfir í stéttir til dæmis flugliða, flugfreyjur sem borga ekkert endilega betur en lögreglan en með brot af vinnuskyldunni [...] getur í rauninni verið með þessar tekjur í eðlilegri vinnu. Ekki eins og hér með botnlausri aukavinnu.“

Lögreglan er fagstétt og nokkrir viðmælendur lýstu því að miklir fordómar væru fyrir afleysingafólki eða svokölluðum háhöfðum. Þeir viðmælendur sem höfðu byrjað í lögreglunni ómenntaðir höfðu enga fordóma fyrir þessu þar sem þeir voru í þessum sporum. Arnór sagði að þetta væri mjög góð leið til að sjá hvort þetta sé eitthvað sem einstaklingurinn vill fjárfesta sig í, frekar en að fara beint í námið. Hann sagði svo :

„Þetta neikvæða attitude gagnvart þeim er alveg hérna.. ég skil það ekki.. en það er hérna hjá einhverjum treghausum [...] ég skil samt alveg rökin fyrir því að lögreglumaður á ekki að vera ómenntaður, við erum freaking fagmenn skiluru [...] það er ekki flott að vera með ómenntað fólk en mér finnst þetta prýðilega góð leið til að kynnast þessu aðeins og taka síðan áframhaldandi ákvörðun með það sko.“

Inga sagði að það væri rígur á milli menntaðra og ómenntaðra en að þetta sé fín leið til að manna staðinn. Nokkrir töluðu um að það væri auka álag að þurfa að kenna afleysingafólkinu og að það væri helsti ókosturinn. Þeir sem vinna úti á landi eru vanari háhöfðum heldur en þeir sem vinna á höfuðborgarsvæðinu því erfiðara er að manna þar.

Líkt og nokkrir viðmælendur lýstu þá þurfa konurnar að hafa meira fyrir starfinu en karlar og þurfa að yfirstíga margar hindranir sem karlar þurfa ekki að gera. Nokkrir viðmælendur sögðu að brottfall kvenna úr starfinu gæti verið vegna þess að þær klára námið en sjá svo að starfið er of erfitt og færa sig yfir í aðrar stéttir sem borga svipuð laun. Tinna nefndi að grunnlaun lögreglumanns væru ekki há og að verkefnin yrðu erfiðari með tímanum. Ímyndin af starfinu getur gefið fólki rangar hugmyndir af verkefnum vinnunar og nefndi Inga að margar stelpur virðist vera að sækja um lögregluna af röngum forsendum. Fólk sem sækir um námið gerir sér ekki endilega grein fyrir þeim aðstæðum sem það getur staðið á frammi fyrir í vinnunni eins og að koma að dauðaslysum og fleira. Eftir að Lögregluskólinn breyttist í háskólanám eru enn fleiri sem sækja um námið án þess að hafa reynslu af starfinu og verður því áhugavert að fylgjast með brotthvarfi næstu árin. Friðrik sagði það vera hollara fyrir alla að prófa starfið fyrst því það getur gefið einstaklinginum vísbendingar frá umhverfinu eða sjálfum sér um hvort starfið henti. Arnór sagði að þær séu kannski sniðugari en strákarinn að hætta um leið og þær finni sig ekki og sagði svo :

„Ég hef oft séð bjart ungt fólk sem byrjar hér og verður bara svart sko, það er scary að horfa upp á þetta [...] utanumhaldið er skánandi en það er samt skelfilegt að horfa upp á það að svona hlutir gerast sko, að þeim hafi verið leyft að gerast [...] þetta er að skána en það mætti vera betra en spurningin er líka hvernig [...] ég hef alveg látið vita af samstarfsfólki til yfirmanna en það var ekki gert neitt, það gerðist nokkrum sinnum [...] til hvers er ég að þessu hugsa ég þá.“

Aðrar ástæður sem nefndar voru fyrir brotthvarfi kvenna var áreiti og mikið álag í starfi. Að konur verði frekar fyrir kynferðislegu áreiti frá bæði fólki út á götu og samstarfsfólki heldur en karlarnir. Rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) sýndi að margar konur upplifa áreiti innan lögreglunnar sem getur útskýrt brotthvarf kvenna frá lögreglunni að einhverju leyti. Kvenkyns viðmælendurnir í þessari rannsókn voru hins vegar bjartsýnar á framtíðina í lögreglunni þrátt fyrir að bæta mætti ýmislegt. Konurnar eru mikið færri og því hallar meira undir fæti hjá þeim en Rósa sagði að hún væri ekki viss um hvort konur ættu erfitt uppdráttar. Hún sagðist hafa trú á því að fá einhverja stöðu í framtíðinni en sagði að það spilaði inn í að hún væri að starfa úti á landi en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Hún nefndi það að konur fá oft fleiri tækifæri í starfinu úti á landi heldur en í Reykjavík þar sem þær tynast oft í hópnum. Tinna var einnig bjartsýn á að fá

hærri stöðu í framtíðinni miðað við menntun sína og með meiri starfsreynslu. Karlkyns viðmælendur voru ekki með miklar þælingar á framgangi kvenna en að það eimi ennþá eftir að gamla feðraveldinu. Nokkrir lýstu því samt að þær konur sem séu í stjórnunarstöðum séu að standa sig mjög vel og séu að gera góða hluti varðandi starfsanda.

4.4.4 Einelti og kynferðislegt áreiti

Slæm stjórnun, óhentugt vinnufyrirkomulag, of mikið vinnuálag og streita, samdráttur og niðurskurður eru dæmi um áhættuþætti sem geta ýtt undir einelti og kynferðislega áreitni. Eins og fram hefur komið fylgir lögreglustarfinu mikil streita og vinnuskyldan oft mikil og erfið og því er mikilvægt að skoða þetta innan lögreglunnar (Vinnueftirlitið, 2008). Í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013) sagðist einn af hverjum fimm hafa orðið fyrir einelti í lögreglunni og flestir sögðu af hendi yfirmanns. Gerendurnir voru þá oftast karlkyns yfirmenn og samstarfsmenn og virðast yfirmenn oft ekki bregðast við eineltinu. Í þessari rannsókn voru viðmælendur spurðir út í upplifun á einelti og áreiti, hvort sem þau upplifðu það á eigin skinni eða urðu vitni að slíkum atvikum. Viðmælendur fengu enga sérstaka skilgreiningu á einelti og kynferðislegri áreitni og er þetta því eingöngu upplifun þeirra. Engin þeirra hafði upplifað einelti gagnvart sér en margir höfðu upplifað það gagnvart öðrum. Sumir nefndu að línan væri þunn á milli eineltis og baktals þar sem mikið virðist vera um baktal á sumum stöðvum. Eineltið virtist ekki tengjast konum frekar en körlum og ekki endilega af jaðareinstaklingum. Nokkrir upplifðu að lítið sé tekið á eineltismálum innan lögreglunnar og að oft áttaði fólk sig of seint á því að um einelti hefði verið að ræða. Þeir viðmælendur sem höfðu starfað lengi hjá lögreglunni sögðu tímana breytta og að eineltið hafi verið mikið meira áður fyrr. Friðrik lýsti fyrri tímum svona :

„Það var þjúra einelti þegar ég var ungur hér [...] menn voru teknir fyrir á hrottalegan hátt og þeir sem ekki vörðu sig þeir gátu lent illa í því [...] veit ekki hvort það sé sniðugt að vera halda því á lofti núna því það er gjörbreytt. Þetta hafa verið svo svakalega breytingar [...] ekki hægt að lýsa því.“

Tveir viðmælendur nefndu alvarleg atvik þar sem ekki fór á milli mála að um einelti var að ræða en upplifðu aðgerðarleysi af yfirmönnum. Arnór lýsti því að lögreglumenn séu hálfgerðir aumingjar þegar takast þarf á við alvöru vandamál eins og þessi innan lögreglunnar. Inga hafði sömu sögu að segja og nefndi að fólk sé tekið fyrir sem er veikara og viðkvæmara fyrir þessu sem sé einfaldlega mjög ljótt. Hún sagði að að margir mættu vera meira vakandi fyrir þessu og grípa fyrir inn í.

Enginn viðmælenda hafði upplifað kynferðislegt áreiti gagnvart sér frá samstarfsmönnum en kvenkyns viðmælendurnir upplifðu það frá einstaklingum sem þær hafa verið að sinna í verkefnum. Þá felur það aðallega í sér áreiti út á götu þar sem eitthvað óviðeigandi er kallað til þeirra eins og „*hey lögguskvísa þú mátt handtaka mig.. ég myndi alveg koma með þér í nótt*“. Nokkrir viðmælendur lýstu hins vegar klámvæddum bröndurum og léttum snertingum á lærin en það var áberandi í umræðunni að það færi allt eftir einstaklingum hvort atvik séu skilgreind sem áreiti eða ekki. Nokkrir töluðu um að einstaklingar taki áreiti misjafnlega og að lögreglumenn þurfi að kunna að vera harðir af sér og svara fyrir sig. Rósa sagði að það væri misjafnt eftir persónuleikum hvernig fólk upplifir hlutina og sagði svo :

„Ég nenni engu bulli eins og með áreiti [...] fer eftir því hvernig fólk upplifir það. Einhver leggur hendina á fótinn minn meðan hann talar við mig þá kippi ég mér ekki upp við það en önnur kannski myndi túlka það sem áreiti og ef ég væri ósátt við einhvað myndi ég bara segja hey drullaðu hendinni þinni af mér [...] held það fer eftir fólki hvað það upplifir og hvernig það tekur álaginu.“

Inga var sammála því og sagði að konur sem velji sig inn í þessa vinnu séu meiri trukkar og svari meira fyrir sig en kannski einhver annar. Það er mikilvægt að hafa bein í nefinu og þora að stoppa fólk af. Nokkrir nefndu að margir væru klúrir í kjaftinum og að það sé þunn lína á milli þess að áreita einhvern eða vera taka þátt í svörtum húmor vinnustaðarins. Tveir karlkyns viðmælendur nefndu að lögreglumenn þurfi að passa sig hvernig aðrir upplifa hlutina. Eins og vinalegt klapp frá þeim sem engin meaning var í getur verið öðruvísi fyrir manneskjuna sem fékk klappið. Fáir viðmælendur höfðu upplifað kynferðislegt áreiti gagnvart öðrum samstarfsfélögum en nokkur tilfelli voru af bæði lögreglukörlum og konum sem voru óviðeigandi á vakt og þá oft gagnvart nýjum lögreglumönnum. Arnór nefndi aðgerðarleysi og lýsti því svona :

„Það er ekkert gert í þessu [...] þannig að maður er bara ugh. Við erum alltaf að segja að við séum svo mikið jafnréttisbatterí og allir jafnir, svo horfir maður upp á svona og bara ææi [...] svona frekar að menn reyni að humma þetta af sér eða ýta þessu út í horn [...] eða helst bara útfyrir sko. Það er úrval hérna [...] lögreglan er bara eins og allt annað fólk.”

Það er hægt að velta því fyrir sér hvort svörin yrðu eins ef viðmælendur hefðu fengið nákvæma skýringu á hvað einelti og kynferðislegt áreiti er en ljóst er að það fer eftir persónuleika hvort eitthvað sé talið sem áreiti eða ekki. Það er mikilvægt að taka mark á upplifun fólks hvort sem það tekur hlutina inn á sig eða ekki. Sumir hlutir sem kvenkyns viðmælendurnir lýstu gætu talist sem áreiti þegar skilgreiningar eru skoðaðar en þær upplifðu það hins vegar ekki svoleiðis.

4.4.5 Samantekt á körlum og konum í lögreglunni

Þrátt fyrir fjölgun kvenna í lögreglunni virðist stéttin enn vera íhaldssöm og stjórnast af karlaveldi. Lögreglukonurnar þurfa að sanna sig meira í starfinu heldur en karlar og þurfa að vera ákveðnar innan karlaveldisins. Líkamlegir burðir kvenna komu oft upp þar sem nokkrir viðmælendur töldu þær ekki vera jafn sterkar líkamlega og að það væri líffræðilegt. Aðrir bentu á að mannleg samskipti er lykilatriði en ekki að lenda í átökum og því ætti það ekki að skipta máli. Konur eru verndaðar af körlunum í starfi sem má deila um hvort sé jákvætt eða ekki. Útskýringar á brotthvarfi kvenna voru vegna lágra launa, álags, áreitis eða vegna þess að þær fundu sig ekki í starfinu eftir námið. Margir voru sammála því að betra væri að byrja með starfsreynsluna áður en farið er í háskólanámið. Enginn af viðmælendunum hafðu orðið fyrir einelti eða kynferðislegu áreiti frá samstarfsfélögum en nokkrir höfðu orðið vitni að slíkum atvikum. Umræðan benti til að lítið sé gert þegar slík atvik eru tilkynnt til yfirmanna.

4.5 Samræmi einkalífs og vinnu

4.5.1 Lögreglan sem önnur fjölskylda

Það getur reynst erfitt að samræma fjölskyldulíf og vinnu og sérstaklega þar sem lögreglustarfið er vaktavinna og getur það skapað mikið álag ofan á vinnuna. Lögreglan er þéttur og lokaður hópur sem eyðir miklum tíma saman bæði í vinnunni og utan hennar. Lögreglumenn velja oft að verja tíma fyrir utan vinnu með samstarfsfélögum þar sem vinnutíminn er eins (Paoline, 2003; He, Zhao og Archbold, 2002). Í rannsókn Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur (2016) fjölluðu karlar í lögreglunni um hvað lögreglan væri þéttur og lokaður hópur og margir töldu að fólk utan lögreglunnar skildi illa vinnumeninguna og húmorinn þeirra.

Viðmælendurnir töluðu mikið um að lögreglan sé önnur fjölskylda þeirra þar sem þau þurfa að treysta á hvort annað á öllum stundum. Nokkrir sögðu að það mynduðust oft sterk bönd á milli lögreglumanna þar sem mikið er um furðulegar og óeðlilegar aðstæður í starfinu. Þegar lögreglumenn eiga svona nán sambönd við samstarfsfélaga er hættu á því að þeir einangrist frá öðrum í samfélaginu og hefur það verið kallað við og hinir viðhorfið. Sumir viðmælendur höfðu tileinkað sér það að passa að verja tíma með sínum nánustu fyrir utan vinnu á meðan aðrir hafa einangrast með árunum og verja miklum tíma utan vinnu með samstarfsfélögum. Ívar sagðist hafa tileinkað sér það mjög fljótt að verja tíma með sínum nánustu :

„Ég er mjög social manneskja og á mikið af ofboðslega góðum vinum í vinnunni en ég hef lagt mig eftir því að rækta vinalag minn fyrir utan lögregluna því ég held að það sé mjög óhollt fyrir fólk að vera mikið í kringum aðra lögreglumenn [...] bara oft er það þannig að maður fær svolítið skekka mynd af umheiminum.“

Friðrik er sammála því að lögreglan sé önnur fjölskylda hans og að hann hafi varið miklum tíma með lögreglumönnum á yngri árum en að það breytist þegar börn og barnabörn koma inn í spilið. Hann segir það líka breytast þegar lögreglumenn færa sig úr vaktavinnu í dagvinnu og þá sé meiri tími til að verja með fjölskyldu sinni. Það voru þó fleiri viðmælendur sem verja miklum tíma utan vinnu með samstarfsfélögum og margir nefndu einangrun frá öðrum í samfélaginu. Sævar nefndi að það sé gríðarlega há skilnaðartíðni í

lögreglustéttinni þar sem lögreglumenn eru alltaf í hlutverki. Hann sagði að hann hafi unnið fjölskyldu sína í raun frá sér og lítið sinnt sínum nánustu á yngri árum. Sævar sem er hættur hjá lögreglu segir að hann sakni félaganna mikið og að erfitt sé að hætta í starfinu. Hann segir að það sé mikil hætta á að menn einangrist og þá sérstaklega ef þeir hafi engin áhugamál til að sinna. Arnór segir að sér hafi ekki gengið neitt rosalega vel í gegnum árin að samræma einkalífi og vinnu :

„Ég er búin að fjarlægjast mjög mikið af mínum upprunalegu vinum [...] en þetta eru alvöru vinir, þeir eru þarna enn og ég er algjörlega búin að vanrækja þá í mörg mörg ár [...] einfaldlega út af vaktavinnunni. Ég er að vinna þegar þeir eru í frí og þegar ég er í frí eru þeir að vinna og svo kannski þegar ég er í frí vill ég vera einn í frí fyrir mig sko [...] þegar þeir eru að gera eitthvað, þannig það myndast mikil fjarlægð[...] því miður koma í staðinn vinnuvinir.“

Inga hafði sömu sögu að segja og sagði að margar vinkonur hennar væru líka í lögreglu og að hún upplifir sig stundum einangraða. Hún sagði að hún væri að reyna komast út fyrir það en að það sé erfitt í vaktavinnu en að mikilvægt væri að rækta sambandið við fjölskyldu og vini. Hún sagði að það væri mikið um löggupör í lögreglu og sagði :

„Fólk getur tengst og geta leitað til hvors annars eins og það koma upp erfiðleikar þá lærir maður að leysa vandamál [...] löggumeningin, maður er ekki mikið að hitta fólk sem er ekki í löggunni, allavega eins og í vaktavinnu [...] maður er í vinnunni, fer á æfingu og maður er ekki að gera mikið meira. Maður getur svo mikið talað um vinnuna en getur ekki talað um það fyrir utan vinnufélaga þannig [...] fólk skilur ekki þessi tilfinningar og hvaða áhrif allt hefur í vinnunni. Lögreglan er sú eina sem skilur lögregluna.“

Rósa nefndi það einnig að með þessari vaktavinnu séu lögreglumenn að vinna á öllum dögum eins og á aðfangadagskvöldi og gamlárskvöldi. Tinna sem á bæði maka og barn segir það stundum erfitt að vera vinna vaktavinnu og að vera að vinna langt fram á nætur. Hún segir gott bakland og stuðningsnet skipta miklu máli og að yfirmenn séu sveigjanlegir ef eitthvað kemur upp á. Allir kvenkyns viðmælendurnir voru bjartsýnir á það að eiga maka og börn í lögreglustarfinu og að auðvelt væri að færa sig í önnur störf innan lögreglu þar sem vinnutíminn er öðruvísi. Felix tók undir þetta og sagði að hann væri bjartsýn á að fá dagvaktir ef hann eignaðist börn í framtíðinni. Þeir viðmælendur sem áttu ekki börn lýstu því allir að dagvinna myndi henta betur heldur en vaktavinnan.

Á höfuðborgarsvæðinu er valfrjálst vaktakerfi þar sem lögreglumenn geta sótt um ákveðnar vaktir sem þeir kjósa. Fyrir utan höfuðborgarsvæðið er venjulegt vaktakerfi þar sem lögreglumenn vinna sömu ákveðna daga og fá vaktافرí á milli. Það voru mjög misjafnar skoðanir á valfrjálsa vaktakerfinu hjá viðmælendum en allir þó sammála um að fá nánast allar þær vaktir sem þeir óskuðu eftir. Tinna sem vinnur úti á landi talaði jákvætt um valfrjálsa kerfið í bænum þar sem það kæmi til móts við barnafjölskyldur eins og hennar. Ívar sagði að hann væri ekki svo viss um að kerfið hafi verið sett á til að taka tillit til fólks heldur frekar til að spara peninga. Hann var samt jákvæður gagnvart kerfinu :

„Ég heyri ekki marga kvarta undan þessu [...] ég held að þeir sem kunna á þetta kerfi líki ágætlega við þetta..fara miklu betur með fríin sín geta raðað upp vöktum þannig að þeir klári vinnuskylduna frekar hratt og taka ser góð frí inn á milli eins og að fara til útlanda í vaktافرí og svona [...] finna ekki fyrir því.“

Aðrir viðmælendur voru ekki jafn jákvæðir gagnvart þessu vaktakerfi og sögðu það koma í veg fyrir samheldinn og náinn samstarfshóp. Þá eru lögreglumenn oft með mismunandi hópum á vakt og þekkja því ekki alla eins vel eins og í fyrra vaktakerfinu. Inga sagði að þetta kerfi heillaði hana ekki þar sem hópurinn verður of stór og ótengdur og sagði :

„Mér finnst þægilegra að vera á föstum vöktum, persónulega finnst mér valfrjálsa kerfið ekki betra þar sem maður tengist ekki fólki og allt er miklu stærra [...] finnst meika meira sens að vera vinna með sama fólkinu og að ná að mynda tengsl [...] það verður meira flæði í vinnunni og þú veist hvað félagi þinn er að hugsa.“

Misjafnar skoðanir voru á því af hverju lögreglan tók upp valfrjálst vaktakerfi. Nokkrir nefndu að það hafi verið gert til þess að koma til móts við fjölskyldufólk og samræmi einkalífs og vinnu yrði betra. Ívar sagði að það væri það sem yfirstjórnin myndi segja fólki en meinhornið myndi segja að þetta hafi verið gert til þess að spara peninga. Það eru ekki jafn mörg útköll á næturvakt og kvöldvakt og þá var kannski ofmannað á þeim tíma sem minna var að gera. Ljóst er að viðmælendur hafa misjafnar skoðanir á kerfinu en þeir viðmælendur sem störfuðu úti á landi voru ekki jafn bjartsýnir á það og lögreglumennirnir á höfuðborgarsvæðinu.

Skolnick (2011) fjallaði um að hættan í starfinu lætur lögreglumenn horfa á aðra í samfélaginu með grunsemdaraugum sem getur dregið þá frá almenning. Lögreglan stimplar ákveðna hópa í samfélaginu sem hættulegri en aðra til að vernda sig gegn hættunni. Í nokkrum viðtölum kom fram að lögreglumenn reyni að skynja hættur og verði mjög meðvitaðir um umhverfið. Að þegar að einstaklingur er orðin lögreglumaður þá fer hann að haga sér öðruvísi gagnvart umhverfi og fólki. Lögreglumenn fara að þæla í hlutum sem aðrir þæla ekkert í og eins og Inga sagði „*maður verður meðvitaður um umhverfið, fer til dæmis mikið að þæla í bílnúmerum*”. Lögreglan þarf líka að ákveða hvern á að stoppa og athuga með og oft eru þeir með fyrirfram hugmyndir um hvaða týpur eru líklegri en aðrar til að hafa brotið af sér. Þarna er samt mikilvægt að lögreglumenn séu ekki mjög fordómafullir og með ákveðnar skoðanir á einstaklingum sem eru jafnvel saklausir.

Í erlendum rannsóknum eins og í rannsókn Brough, Chataway og Biggs (2016) þá upplifa lögreglumenn við gegn hinum viðhorfið frá almenningi. Það var ekki áberandi í viðtölum þessarar rannsóknar að þetta viðhorf kæmi frá almenningi. Frekar voru það lögreglumennirnir sjálfir sem einangra sig frá almenningi en ekki öfugt. Það voru þó nokkur dæmi eins og hjá Ingu sem sagðist fá skrýtið viðmót frá öðrum ef hún er t.d. að skemmta sér í bænum með áfengi. Lögreglumenn geta því forðast ýmsar óþægilegar aðstæður eins og skemmtistaði en á viðtölunum að dæma er ekki mikil fjandsemi frá almenningi gagnvart lögreglu.

4.5.2 Viðhorf samfélagsins

Samkvæmt Skolnick dregur áhættan í vinnunni lögreglumenn ekki aðeins saman heldur fjarlægir þá frá öðrum í samfélaginu. Almennir borgarar samfélagsins horfa ekki á einstaka persónuleika lögreglumanna heldur sjá þeir sama persónuleikann þ.e. menn í einkennisbúningum (Brough, Chataway og Biggs, 2016; Dunham og Alpert, 2015). Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt að almenningur hefur jákvætt viðhorf til lögreglunnar og voru viðmælendurnir í þessari rannsókn sammála því. Viðmælendurnir voru sammála um það að viðhorf almennings til lögreglunnar væri almennt jákvætt og að fólk væri ánægt með störf lögreglunnar. Þeir nefndu að það sé alltaf lítill hópur sem hefur hátt en að sá hópur sé yfirleitt sá sem hringir fyrst eftir aðstoð. Ívar sagði viðhorfið vera mjög jákvætt og að „*heilt yfir þá þykir fólki bara mjög vænt um lögregluna*”. Felix sagðist ekki upplifa

við gegn hinum viðhorfið frá samfélaginu heldur að það skipti miklu máli að koma kurteisilega fram við alla og kunna mannleg samskipti. Hann sagði hópa eins og sprautufíkla vera mjög samvinnuþýða gagnvart lögreglunni og láta vita af sprautum og annað. Hann sagði svo „líka þeir sem við höfum afskipti af.. margir af þeim sem við höfum afskipti af reglulega þekkir okkur og vita alveg sko í hvað þetta stefnir ef þau eru með einhvað vesen.“ Arnór tók undir það að minnihlutahópar hafa oft sterkari raddir en hinir en að þeir þurfi síðan oftast aðstoðina. Hann lýsti viðhorfinu svona :

„Almennt held ég að viðhorfið sé bara mjög gott [...] ef þú þarft ekkert á lögreglunni að halda eða ert ekkert að lenda í lögreglunni þá held ég að þú hafir bara annað hvort hlutlaust eða jákvætt attitude gagnvart lögreglunni [...] en ef þú ert vondur karl og löggan vill ekki leyfa það þá ertu ekki með jákvætt attitude gagnvart lögreglunni.“

Lögreglumennirnir voru flestir sammála um að mannleg samskipti og heiðarleiki gagnvart almennum borgurum sé lykilatriði í starfinu. Ef lögreglumenn koma vel fram við borgarana þá fá þeir oftast sama viðmót til baka. Arnór sagði að mikilvægt væri fyrir lögreglumenn að spila hlutina vel með þeim sem verið er að aðstoða. Hann sagði svo :

„Ef þú þarft á mér að halda með þitt vandamál og ég spila þetta ekki vel og við kveðjumst og þú ert ekkert rosa sáttur með mig þá fer það yfir á allar löggur, bara helvítis löggan bara fífl og fávitar [...] við erum að rembast við eitthvað instagram krúttleg heit og feisbúkki en það er bara rosalega lítið batterí [...] attitude frá almenning sem við fáum er það sem við erum að vinna með og hvernig við erum að haga okkur.“

Lögreglan þarf að passa ímynd sína gagnvart almennum borgurum þar sem þeir eru fyrirmynd samfélagsins. Inga sagði að lögreglumenn þurfi að passa hvað þeir setja á samfélagsmiðlana sína því að fólk skoðar þá og sagði „eins og að setja endalausar rassamyndir eða vera fullur allar helgar, fólk hefur ákveðna ímynd af löggunni og það þarf að passa sig“.

Nokkrir viðmælendur töluðu um fjölmiðla og staðalímyndir starfsins sem koma þaðan. Rósa sagði að fjölmiðlar segi oft ekki rétt frá hlutunum oft og að það geti reynst erfitt því lögreglan geti lítið svarað fyrir sig. Arnór sagði að hann væri hættur að lesa kommentakerfin á fréttasíðunum þar sem minnihlutahópar tala sem hæst. Hann sagði að

það væri mjög mikilvægt að lögreglumenn stjórnðu hegðun sinni vel á vettvangi og að kúninn færi sáttur heim eftir aðstoðina. Friðrik sló á léttu strengi og sagðist oft hlæja að fjölmiðlum og öðrum sem væru að skrifa eða tala rangt um þá atburði sem höfðu gerst og sagði að það væri mikilvægt að reyna að hafa gaman af því í starfinu.

4.5.3 Samantekt á samræmi einkalífs og vinnu

Lögreglan er mjög þéttur og lokaður hópur og á það til að einangrast frá samfélaginu. Nokkrir viðmælendur lýstu því hvernig þau hafa einangrast og verja tíma sínum utan vinnu með samstarfsfélögum. Lögreglumönnum finnst erfitt að geta ekki rætt vinnuna við aðra og upplifa að aðrir í samfélaginu geti ekki sett sig í spor þeirra. Nokkrir voru meðvitaðir um hættuna á því að einangrast og vörðu frítíma sínum með fjölskyldu og vinum utan vinnunnar. Vaktavinnan gerir lögreglumönnum erfiðara fyrir þar sem margir í kringum þá vinna á öðrum tíma. Gott bakland og stuðningur hjálpar lögreglumönnum sem eiga börn þar sem vaktavinnan getur verið erfið. Viðhorf samfélagsins til lögreglunnar var mjög jákvætt eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt.

5 Umræða

5.1 Samantekt á niðurstöðum

Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í lögreglustarfið og kanna viðhorf lögreglumanna til vinnustaðamenningarinnar. Eftir að höfundur kóðaði viðtölin komu fram nokkur meginþemu sem voru hvati og ánægja í starfi, viðhorf til lögreglumeningarinnar, álag og öryggi í starfi, karlar og konur í lögreglunni og að lokum samræmi einkalífs og vinnu. Rannsakandi fór af stað með nokkrar spurningar sem voru m.a. : Hvert er viðhorf lögreglumanna á vinnustaðamenninguna? Hversu vel eiga fyrir erlendar rannsóknir við um lögreglumeninguna á Íslandi? Á við gegn hinum viðhorfið við á Íslandi? Er félagsleg einangrun algeng innan lögreglunnar? Hvaða sálrænu úrræði og stuðningur eru í boði? Hvers vegna er kynjahlutfallið jafnt í Lögregluskólanum en ekki í starfinu sjálfu?

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu i ljós að viðhorfið til lögreglumeningarinnar er mjög jákvætt og menningin tengd við góðan starfsanda, samheldni hópsins og góða samvinnu. Þrátt fyrir jákvæða umræðu um menninguna fjölluðu lögreglumennirnir m.a. um íhaldssemi, karlmennsku, mikið álag og félagslega einangrun en virtust ekki tengja það beint við menningu starfsins. Ljóst er að lögreglustarfinu fylgir mikið álag og hefur mannekla lögreglunnar haft mikil áhrif á það. Lögreglumennirnir þekktu til þeirra sálrænu úrræða sem standa til boða en virtust nýta sér það mismikið. Nokkrir lýstu því að erfitt væri að fá hjálp frá utanaðkomandi einstaklingum sem geta ekki sett sig í spor þeirra. Þrátt fyrir fjölgun kvenna í lögreglunni virðist stéttin enn vera íhaldssöm og þurfa lögreglukonur að sanna sig meira í starfi en karlar. Konum er ekki treyst fyrir öllum hlutverkum starfsins líkt og fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt og var ástæðan oftast sú að þær eru ekki líkamlega jafn sterkar. Útskýringar á brotthvarfi kvenna voru vegna lágra launa, álags, áreitiss eða vegna þess að þær fundu sig ekki í starfinu eftir námið. Nokkrir lögreglumenn höfðu orðið varir við einelti og kynferðislegt áreiti en umræðan benti til þess að lítið sé gert í slíkum atvikum. Lögreglan er mjög þéttur og lokaður hópur og á það til að einangrast frá samfélaginu. Nokkrir viðmælendur lýstu því hvernig þau hafa einangrast og verja tíma sínum utan vinnu með samstarfsfélögum. Aðrir voru meðvitaðir um hættuna á því að einangrast frá samfélaginu

og vörðu frítíma sínum með sínum nánustu. Viðhorf samfélagsins til lögreglunnar er jákvætt frá sjónarhorni lögreglumannanna sem styður fyrri íslenskar kannanir.

5.2 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn inn í heim lögreglumanna og skoða viðhorf þeirra gagnvart lögreglumeningunni. Fræðimenn sem hafa fjallað um lögreglumeningu lýsa henni oftast mjög neikvæðri og segja hana byggjast á íhaldssemi, karlmennsku, félagslegri einangrun, ópolinmæði og lélegu siðferði. Skiptar skoðanir eru á því hvort fræðimenn telja að menningin hafi áhrif á dagleg störf lögreglumanna eða ekki. Waddington fjallaði um að það sem lögreglumenn segja á vakt hafi ekki áhrif á hvernig þeir hegða sér í verkefnum í vinnunni. Hann taldi að menningin tali ekki fyrir kynjamisrétti eða kynþáttahatri heldur að þær hugmyndir komi frá samfélaginu. Þrátt fyrir að orð lögreglumanna endurspeglar ekki í hegðun, þá getur þetta skapað hættu innan starfsins. Leit Skolnick nánar á það í rannsókn sinni á það hvernig lögreglumenn passa inn í samfélagið og hvernig þeir haga sér í mismunandi aðstæðum. Þar kom fram að lögreglumenn væru með vinnupersónuleika og litu á heiminn á annan hátt en almenningur. Lögreglumenn vinna í hættulegum aðstæðum og þurfa því sífellt að verja sjálfa sig fyrir hættum. Með því fara þeir að horfa á aðra í samfélaginu með grunsemdaraugum og getur það leitt til þess að þeir einangri sig frá öðrum.

Þrátt fyrir að umræðan um lögreglumeningu sé mjög oft neikvæð þá hefur einnig verið fjallað um jákvæðar hliðar hennar. Menningin kennir lögreglumönnum hvernig á að haga sér í starfinu og hjálpar þeim að skilja starfið betur. Hún hjálpar þeim að leysa vandmál í vinnunni og að vinna úr álagi í starfinu. Meirihluti lögreglumanna í þessari rannsókn leit á menninguna á mjög jákvæðan hátt og höfðu ekkert neikvætt að segja um hana. Aðrir lýstu henni einnig jákvætt en sögðu birtingarform hennar oft vera neikvætt. Lögreglumennirnir virtust skilgreina menninguna út frá starfsanda og líðan í vinnunni. Allir þeir lögreglumenn sem tekið var viðtal við voru ánægðir í starfi og lýstu mjög góðum starfsanda og fannst það skilgreina vinnustaðamenninguna. Þetta er frábrugðið þeim skoðunum sem fræðimenn hafa áður staðið fyrir. Það er kannski ekki óvenjulegt að einstaklingur sem vinnur í starfi sem hann sér fyrir sér sem framtíðarstarf og líður vel í starfinu, horfi á menninguna með jákvæðum augum. Þó að lögreglumennirnir

horfðu jákvæðum augum á menninguna þá ræddu þeir líka um íhaldssemi, karlmennsku, félagslega einangrun og mikið álag en virtust ekki tengja það beint við menninguna.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lögreglumeningu á Íslandi en þær sem hafa verið gerðar hafa einblínt mest á stöðu kynjanna enda er það mikið áhyggjuefni. Það hefur verið erfitt að útskýra lögreglumeningu kynjanna og hefur karlmennskan verið algeng í þeirri umræðu. Konur komu seint inn í starfið og því hefur menningin mótast af karlmönnum og er því menningin ennþá mjög karllæg í dag. Árið 2016 voru aðeins 16% konur í lögreglunni og aðeins þrjár þeirra voru í stöðu sem aðstoðaryfirlögrelupjónn eða aðalvarðstjóri. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að konur treysta sér í öll hlutverk lögreglunnar en karlarnir gera það síður. Í þessari rannsókn kom einnig fram að lögreglukonurnar virðast þurfa að sanna sig meira í starfi en karlar og þurfa hafa ákveðin persónueinkenni. Lögreglukonurnar nefndu það að konur þurfi að vera ákveðnar innan lögreglunnar og láta heyra vel í sér. Þær treystu sér í öll verkefni starfins en nokkrir karlkyns viðmælendur bentu á líkamlegan styrk í þeirri umræðu. Aðrir bentu hins vegar á að mannleg samskipti skipta mestu máli og því ættu líkamlegir burðir ekki að vera með í umræðunni.

Ljóst var að lögreglustéttin er íhaldssöm og stjórnast ennþá af karlaveldi þrátt fyrir fjölgun kvenna í lögreglunni. Konur eru verndaðar í starfi af körlunum gegn hættulegu verkefnunum og geta þær upplifað það sem ákveðið vantraust og niðurlægingu. Fjölgun hefur verið á konum sem útskrifast úr Lögregluskólanum síðastliðinn 15 ár en hlutfall kvenna í lögreglunni er ekki að aukast í takt við þessa fjölgun sem er áhyggjuefni og er brottfall þeirra úr starfi mikið. Í rannsókn Finnborgar Salome kom fram að ástæður brotthvarfsins væri ýmist vegna kynferðislegrar áreitni, eineltis, frekari náms eða vegna lágra launa. Viðmælendurnir í þessari rannsókn sögðu útskýringar á brotthvarfi kvenna vera m.a. vegna lágra launa, álags, áreitis eða af því að þær fundu sig ekki í starfinu eftir námið. Enginn af viðmælendunum hafði orðið fyrir einelti eða kynferðislegu áreiti frá samstarfsfélögum en nokkrir höfðu orðið vitni að slíkum atvikum. Nokkrir nefndu þó að mjög lítið sé gert í málunum þegar slík atvik eru tilkynnt til yfirmanna. Það getur verið hættulegt þar sem það getur dregið úr fólki að tilkynna slík atvik. Viðmælendur fengu ekki tiltekna útskýringu á hvernig einelti og kynferðislegt áreiti er nákvæmlega skilgreint, en taka skal fram að það hefði mögulega getað breytt svörum viðmælenda. Það var áberandi hjá nokkrum viðmælendum að það skipti miklu máli

hvernig lögreglumenn taka á hlutunum og að sumir skilgreina ákveðna upplifun sem áreiti sem aðrir gera kannski ekki. Það er auðvitað mikilvægt að taka mark á upplifun fólks og að lögreglumenn virði mörk annarra.

Lögreglustarfið er eitt erfiðasta starf samfélagsins og fylgir því mikil streita. Lögreglumenn upplifa ýmsa alvarlega atburði sem valda áföllum og svo er það pappírsvinnan, að halda sér í góðu formi og að vinna yfirvinnu líka kröfur sem valda álagi. Mismunandi er hvort lögreglumenn upplifi meiri stjórnsýslutengda eða verkefnatengda streitu en flestir upplifa bæði eins og í þessari rannsókn. Lögreglumennirnir tengdu álagið aðallega við verkefni vinnunnar og manneklu í starfi. Það var lítill munur á álagi hjá lögreglumönnum sem störfuðu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi en fámenni lögreglunnar virðist hafa áhrif alls staðar. Verkefnatengt álag var meira áberandi í umræðunni hjá lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu þar sem verkefnin eru svo mörg. Þeir lögreglumenn sem störfuðu utan höfuðborgarsvæðisins lýstu fordómum frá lögreglunni í Reykjavík gagnvart þeim. Að þeir væru sveitalöggan og væru ekki að vinna raunverulegt lögreglustarf. Miðbærinn er þá oft talinn vera aðalstaðurinn því þar snýst starfið oft um slagsmál og átök í miðbænum. Fjallaði Waddington um þetta þar sem hann sagði að lögreglumenn lýsa vettvöngum oft öðruvísi en þeir eru í raun og veru og reyna að sannfæra sig og aðra um að starfið snúist eingöngu um hasar og spennu. Lögreglumennirnir utan af landi sögðu að verkefnin þeirra væru að sjálfsögðu mikið færri en að þeir þurfi að fylgja öllum málum eftir sem skapar líka streitu.

Það mun alltaf fylgja mikið álag með starfinu en mikilvægt er að hafa úrræði og stuðning fyrir lögreglumenn til að takast á við það. Í rannsókn hjá ríkislögreglustjóra (2011) kom fram að 66,9% þátttakenda sögðust ekkert þekkja eða þekkja aðeins þau sálrænu stuðningsúrræði sem standa til boða. Fleiri konur sóttu sér félagastuðning eða sérfræðiþjónustu heldur en karlar. Lögreglumennirnir í þessari rannsókn vissu af þeim úrræðum sem standa til boða en notuðu þeir það mismikið. Yngri kynslóðin virðist nýta sér úrræðin betur og sálfræðiþjónusta er ekki jafn mikið feimnismál fyrir þeim. Það er því áhugavert að fylgjast með t.d. kulnun á næstu árum og hvort streitan minnki ef fleiri innan lögreglunnar leitast eftir sálrænum stuðning. Lögreglumennirnir voru einnig almennt mjög öruggir í starfi þó upp kæmu aðstæður sem gerðu þá óörugga. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á lögreglumeningu sýna að svartur húmor er helsta aðferð lögreglumanna til að losa streitu. Viðmælendur voru sammála því og sögðu hann vera mjög mikilvægan.

Húmorinn er oft talinn vera siðlaus en lögreglan segir að þeir sem séu ekki í lögreglunni geta ekki skilið húmorinn og reyna þeir að hlífa öðrum fyrir honum.

Að lögreglan sé sú eina sem skilur lögregluna er algengt viðhorf lögreglumanna. Lögreglumenn upplifa alla þá hræðilegu atburði sem gerast innan samfélagsins sem fæstir almennir borgarar þurfa að sjá og upplifa. Finnst þeim því aðrir almennir borgarar almennt ekki hafa reynslu eða skilning á þeirra starfi og leita þeir því frekar til samstarfsfélaga. Lögreglumenn eru því líklegri til að sækja sér frekar í stuðning til samstarfsfélaga heldur en til einstaklinga sem starfa utan lögreglunnar. Þetta býr til ákveðið bræðralag á milli lögreglumanna þar sem þeir þurfa að vernda hvorn annan í öllum aðstæðum vinnunnar. Allir þeir lögreglumennirnir sem tóku þátt í rannsókninni tóku það fram að lögreglan væri önnur fjölskylda þeirra þar sem allir eru nánir og treysta hvor á annan. Skolnick fjallaði um að hættan í starfi lögreglumanna leiði til þess að lögreglumenn horfa á aðra í samfélaginu með grunsemdaraugum og að það geti dregið þá frá almenningi. Lögreglumenn eru meðvitaðari um umhverfið sitt en aðrir í samfélaginu því þeir eru að vernda sig frá hættum þess. Í rannsókn Rannveigar Ágústu fjölluðu karlar í lögreglunni um hvað lögreglan væri þéttur og lokaður hópur og margir töldu að fólk utan lögreglunnar skildi illa vinnumeninguna og húmorinn þeirra. Viðmælendur hennar nefndu það að vinnutíminn ætti stóran þátt í því að vinir þeirra væru að miklu leyti innan lögreglunnar þar sem lítill tími væri til að hitta aðra vini.

Nokkrir lögreglumenn í þessari rannsókn lýstu því hvernig þeir hafa einangrast frá fjölskyldu og vinum og verja tíma sínum utan vinnu með samstarfsfélögum. Þeim finnst erfitt að geta ekki rætt vinnuna við aðra og upplifðu sig utangáttar í samfélaginu þar sem almennir borgarar eiga erfitt með að setja sig í spor þeirra. Voru aðrir viðmælendur þó meðvitaðir um hættuna á að einangrast og sögðu það óheilbrigt að verja ekki tíma með öðru fólkum utan lögreglunnar. Lögreglumenn eiga það til að hafa skakka ímynd af samfélaginu þar sem reynsluheimur þeirra er mjög oft ljótur og neikvæður og því er mikilvægt fyrir lögreglumenn að verja tíma með fólkum með jákvæðari viðhorf til samfélagsins. Lögreglumennirnir áttu því mis auðvelt með að samræma einkalíf og vinnu og höfðu þeir misjafnar skoðanir á valfrjálsa vaktakerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Sumum fannst gott að fá að velja sína vinnudaga og skipuleggja sig út frá því en öðrum fannst kerfið vera að slíta hópinn í sundur þar sem lögreglumenn vinna ekki alltaf með þeim sömu á vakt. Lögreglumenn eru hvattir til að passa upp á félag sína og leita til þeirra í

erfiðum málum sem gerir lögregluna að ákveðinni fjölskyldu. Við gegn hinum viðhorfið virðist því oftast koma frá lögreglumönnum sjálfum en ekki frá almenningi. Viðhorf samfélagsins til lögreglunnar á Íslandi er mjög jákvætt þrátt fyrir að lögreglumenn upplifi einstöku sinnum leiðinleg atvik frá almennum borgurum.

Flestir þeir fræðimanna sem vitnað hefur verið í hafa fjallað um lögreglumeninguna á neikvæðan hátt en lögreglumenn sjá hana mjög jákvæða. Lögreglumenn fjalla þó um þau þemu sem koma upp hjá fræðimönnum en tengja það ekki beint við menninguna. Skýringin á því getur verið að lögreglumenn líta á starfið sitt með jákvæðu ljósi þar sem þeim líður vel í starfinu og þeir vita að þeir gegna mikilvægu hlutverki innan samfélagsins. Það er fremur ólíklegt að einstaklingur myndi telja vinnustaðamenningu sína mjög neikvæða líkt og fram kemur í fyrrnefndum rannsóknum en líða samt vel í starfi og vilja halda áfram að starfa þar. Það er því spurning hvort það sé ekki best að tala um bæði neikvæð og jákvæð birtingaform menningarinnar og taka þar nánari tillit til innsýnis lögreglumanna. Það getur verið jákvætt að vera utanaðkomandi og skoða menningu hópa en nauðsynlegt er að fá sjónarhorn hópsins líka. Það er nauðsynlegt að huga vel að líðan lögreglumanna þar sem mikið álag er í starfinu og þarf því að halda áfram að reyna bæta úr þjónustu við þá. Grípa þarf til aðgerða í jafnréttismálum þar sem konur eru enn í miklum minnihluta. Það tekur langan tíma að breyta menningu innan samfélagshópa- og stofnana en skref í rétta átt eru jákvæð. Rannsóknin sýndi fram á það að lögreglumeningin getur einnig verið mismunandi innan ólíkra lögreglustöðva og á milli starfsstiga og því ekki hægt að alhæfa um aðeins eina lögreglumeningu. Væri áhugavert að líta nánar á lögreglumeninguna betur á milli t.d. hins almenna lögregluþjóns og yfirmanna í framtíðinni. Lögreglunáminu hefur einnig nýlega verið breytt og því verður áhugavert að skoða lögreglumeninguna eftir nokkur ár og hvaða breytingar hafa orðið þá.

6 Heimildaskrá

- Anshel, M. H. (2000). A conceptual model and implications for coping with stressful events in police work. *Criminal justice and Behavior*, 27(3), 375- 400.
- Barrie, D. G., og Broomhall, S. (2012). *A history of police and masculinities, 1700–2010*. London: Routledge.
- Brewer, J. D. (1991). „Hercules, Hippolyte and the Amazon or Policewomen in the RUC.“ *The British Journal of Sociology* 42 (2): 231-47.
- Brough, P. og Frame, R. (2004). Predicting police job satisfaction, work well-being and turnover intentions: the role of social support and police organisational variables. *New Zealand Journal of Psychology* 33 (1), 8–16.
- Brough, P., Chataway, S., og Biggs, A. (2016). ‘You don’t want people knowing you’re a copper!’ A contemporary assessment of police organisational culture. *International Journal of Police Science & Management*, 18(1), 28-36.
- Clark, J. P. (1965). Isolation of the police: A comparison of the British and American situations. *J. Crim. L. Criminology & Police Sci.*, 56, 307.
- Dunham, R. G., & Alpert, G. P. (2015). *Critical issues in policing: Contemporary readings*. Waveland Press.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. United States of America: McGraw- Hill Companies.
- Graciela, T. (2015). *Qualitative Studies in Quality of Life* (Vol. 55, Social Indicators Research Series). Cham: Springer International Publishing.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir. (2013). *Vinummenning og kynjatengsl lögreglunnar: Af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna?* Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin.
- Forsætisráðuneytið. (2002). *Jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun: nefndarálit*. Sótt 18. desember 2018 af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6116/jafnretti_kynjanna.pdf?sequence
- Garner, G. (1997). Humor in policing: its relationship to the bonding process. *Journal of Police and Criminal Psychology*, 12(1), 48-60.
- Guðmundur Guðjónsson. (2003). *Ágrip af sögu lögreglunnar*. Reykjavík: Svansprent ehf.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Þórhallur Örn Guðlaugsson og Ester Rós Gústavsdóttir. (2010). Íslensk vinnustaðamenning: Skýr og markviss stefna en skortur á samhæfingu og samþættingu. *Stjórnmal og stjórnsýsla: Veftímarit*, 2(6), 229-251.

- He, N., Zhao, J., & Archbold, C. A. (2002). Gender and police stress: The convergent and divergent impact of work environment, work-family conflict, and stress coping mechanisms of female and male police officers. *Policing: an international journal of police strategies & management*, 25(4), 687-708.
- Innanríkisráðuneytið. (2012). *Staða lögreglunnar*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Kauiper, N. A. (2012). Humor and Resiliency: Towards a Process Model of Coping and Growth. *Europe's Journal of Psychology*, 8(3), 475-491.
- Kristín Hjálmarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Áskoranir og tækifæri í jafnréttisstarfi. Sótt 30. október 2018 af https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/06/Askoranir-og-taekifaeri_fyrstu-nidurstodur_vefutgafa2-1.pdf.
- Lippe, T. V., Graumans, A., & Sevenhujisen, S. (2004). Gender policies and the position of women in the police force in European countries. *Journal of European Social Policy* 14 (4), 391-405.
- Lonsway, K., Moore, M. (2003). Hiring and Retaining more women. Sótt 13. október 2018 af <http://womenandpolicing.com/pdf/newadvantagesreport.pdf>
- Lögreglan. (2019). Jafnréttismál. Sótt 30. nóvember 2018 af <https://www.logreglan.is/logreglan/um-logregluna/jafnrettismal/>
- Lögreglan.is. (2017). Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til þjónustu og starfa lögreglunnar. Sótt 10. desember 2018 af https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/02/Viðhorf-til-logreglu_Höfuðborgarsvæðið-LRS_2017.pdf
- Martin, S. E. (1999). Police force or police service? Gender and emotional labor. *The annals of the American academy of political and social science*, 561(1), 111-126
- Martinussen, M., Richardsen, A. M., & Burke, R. J. (2007). Job demands, job resources, and burnout among police officers. *Journal of criminal justice*, 35(3), 239-249.
- Mawby, R.I. (2008). Models of Policing. Í Newburn (ritstj.), *Handbook of Policing* (bls. 17-42). Devon: Willan.
- Mbl.is. (2018). Fleiri veittust að lögreglunni. Sótt 15. janúar 2019 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/09/fleiri_veittust_ad_logreglunni/
- Newburn, T. (1999). *Understanding and preventing police corruption: lessons from the literature*. Sótt 8. september 2018 af <http://tvernedra.ru/Pretotvkorvplice.pdf>.
- Ólafur Örn Bragason. (2005). *Heiðarleiki lögreglu : könnun meðal starfandi lögreglumanna á Íslandi*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin, 2005.
- Paoline III, E. A. (2003). Taking stock: Toward a richer understanding of police culture. *Journal of criminal justice*, 31(3), 199-214.

- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir. (2016). *Upplifun karla innan lögreglunnar af vinnumeningu lögreglunnar*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn.
- Rice, S. K., & White, M. D. (2010). *Race, ethnicity, and policing: New and essential readings*. New York og London : NYU Press.
- Ólafur Örn Bragason og Ólafur Kári Júlíusson. (2008). Könnun á streitu og líðan lögreglumanna. Sótt 15. nóvember 2018 af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/03/Könnun-á-streitu-og-l%C3%ADðan-lögreglumanna-útg.-2008.pdf>
- Ríkislögreglustjórinn. (2009). Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar. Sótt 16. október 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir/skilgreining_a_grunntjonustu_logreglunnar.pdf
- Ríkislögreglustjórinn. (2011). *Könnun á félagastuðningi og streitu meðal lögreglumanna*. [Rafræn útgáfa]: Ríkislögreglustjórinn.
- Ríkislögreglustjórinn. (2014). Starfshópur ríkislögreglustjóra: Tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar. Sótt 30. nóvember 2018 af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/06/Skýrsla-starfshops-um-tillögur-að-samþættingu-kynja-og-jafnréttisjónarmiða.pdf>
- Ríkislögreglustjórinn. (2016a). Jafnréttismál lögreglunnar. Sótt 2. október 2018 af https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/04/Arleg-samantekt-um-jafnréttismál-lögreglunnar-2016_.pdf
- Ríkislögreglustjórinn. (2016b). *Siðareglur lögreglu*. Sótt 4. október 2018 af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/02/Siðareglur-lögreglunnar.pdf>.
- Rúv (Framleiðandi) og Eiríkur Ingi Böðvarsson (dagskrárgerðarmaður). (9.sept., 2014). Brautryðjendur: Rætt er við Katrínu Þorkelsdóttur og Dóru Hlín Ingólfssdóttur sem árið 1973 hófu nám við Lögregluskólann, fyrstar kvenna.
- Rúv.is. (2018). Vinnuslys algengust meðal lögreglumanna. Sótt 14. janúar 2019 af <http://www.ruv.is/frett/vinnuslys-algengust-medal-logreglumanna>
- Sahgal, Punam. 2007. „Gender Discrimination: Beliefs and Experiences: A Comparative Perspective of Woman and Men in the Delhi Police“ *Journal of International Women's Studies* 9 (1): 135-52.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skolnick, J. H. (2011). *Justice without trial: Law enforcement in democratic society*. New Orleans : Quid pro books.

Twersky-Glasner, A. (2005). Police personality: What is it and why are they like that? *Journal of Police and Criminal Psychology*, 20(1), 56-67.

Vinnueftirlitið. (2008). *Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðu: Forvarnir og viðbrögð*. Reykjavík: Vinnueftirlitið.

Virk. (e.d.). Ertu komin í þrot?. Sótt 5. janúar 2019 af

https://www.virk.is/static/files/_2016/fjolmidlar/ertu-komin-i-throt_lbl.pdf

Waddington, P.A.J. (1999). Police (Canteen) Sub-culture. *The British Journal of Criminology* 1999, útg. 39(2). Academic Research Library.

Westmarland, L. (2008). Police culture. Í Newburn, T. (ritstj.). (2008). *Handbook of policing*. Devon: Willan.

Workman-Stark, A. L. (2017). *Inclusive policing from the inside out*. Cham: Springer International Publishing.

Viðauki 1- Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku

Í þessari rannsókn verður farið með öll gögn sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendur verða ekki nafngreindir heldur fá gervinöfn og gögnum verður eytt eftir vinnslu þeirra. Það verður ekki hægt að rekja rannsóknina til þátttakenda. Þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem þeir vilja. Leiðbeinandi ritgerðinnar er Helgi Gunnlaugsson prófessor.

Ég undirritaður samþykki að gerast þátttakandi í þessari rannsókn sem skoðar lögreglumeninguna á Íslandi.

Staður og dagsetning

Undirskrift rannsakanda

Undirskrift þátttakanda